# HönnunarMars
# DesignMarch
# 24.–27.03.2011
# Dagskrá



## Opnunartímar á HönnunarMars
(nema annað sé tekið fram)

24.03 fimmtudagur 11:00–18:00
25.03 föstudagur 11:00–18:00
26.03 laugardagur 11:00–17:00
27.03 sunnudagur 13:00–17:00

## Dagskrá HönnunarMars má finna á www.honnunarmidstod.is



## Hlutverk hönnuða á tímum breytinga

Fyrirlestradagskrá og umræður í Tjarnarbíói

24. mars 2011


Visit www.icelanddesign.is for English program or be sure you get a copy of Reykjavík Grapevine for event listings.

The Reykjavík Grapevine

Morgunblaðið

Icelandair


## Festivalbar HönnunarMars 2011

49
Laundromat Café
Austurstræti 9

The Laundromat Café

## Kaffibíllinn – kaffihús

29
Félagið, Útgerðin
Grandagarður 16

kaffibíllinn

# Göngum í takt

HönnunarMars var fyrst haldinn í mars 2009 þegar Íslendingar stóðu á miklum tímamótum – fjármálakerfið hrunið og búið að boða til Alþingiskosninga. Undirbúningur fyrsta HönnunarMarsins fór fram undir taktfastri hrynjandi Búsáhaldabyltingarinnar við Austurvöll. Tími breytinga. Strax þá var litið til nýsköpunar sem leiðarinnar út úr því erfiða þjóðfélagsástandi sem skapast hafði. Gætu hönnuðir átt hlutverki að gegna þar? Eitthvað þurfti að gera. Tæplega eins árs gömul Hönnunarmiðstöð fór ekki varhluta af ástandinu og ljóst þótti að stórt kynningarátak á íslenskri hönnun, samstilling strengja og fjöldi lóða á vogarskálar var nauðsynlegur.

Hönnun á Íslandi er ekki ný af nálinni en gríðarlegur árangur og vitundarvakning hefur átt sér stað á undanförnum árum. Dagskrá þriðja HönnunarMarsins spannar vítt svið, allt frá helstu hönnuðum þjóðarinnar sem sýna hvað í þeim býr, til nýútskrifaðra hönnuða sem stíga nú sín fyrstu skref. Á HönnunarMars er hönnun kynnt sem atvinnugrein sem byggir á traustum grunni og gegnir veigamiklu hlutverki á tímum mikilla breytinga.

Íslenskir hönnuðir eiga og reka Hönnunarmiðstöð. Hún hefur mikilvægu hlutverki að gegna því að með tilkomu hennar hefur skapast vettvangur fyrir hönnuði til að vinna að uppbyggingu hönnunar og arkitektúrs á eigin forsendum. Nýlega var verkefninu Mótun hönnunarstefnu ýtt úr vör en þar fá íslenskir hönnuðir tækifæri til að móta þjóðinni markvissa hönnunarstefnu og hrinda henni í framkvæmd í samstarfi við stjórnvöld.

Aðferðafræði hönnunar býr yfir einstökum tækifærum til sköpunar og endursköpunar. HönnunarMarsinn örvar, hvetur og ýtir undir sköpun því að þar mætast hönnuðir, fyrirtæki, framleiðendur og kaupendur; nýir möguleikar og tækifæri verða til.

Ekkert einstakt verkefni hefur vakið eins mikla athygli á íslenskri hönnun og HönnunarMars – hvort sem litið er til almennings, íslenskra fjölmiðla, stjórnvalda eða erlendra aðila.

Þeir sögðu, spekingarnir, þegar búsáhaldadrunurnar þögnuðu við Austurvöll 2009 að sennilegast yrði árið 2011 erfiðast, þá yrði botninum náð. Hvað gerir maður þegar þangað er komið?
Jú, maður spyrnir sér upp. Fast...

Sjáumst í takt á HönnunarMars.

Stjórn og starfsfólk
Hönnunarmiðstöðvar Íslands

Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre

# Efnisyfirlit


2 Almennar upplýsingar
3 Göngum í takt
4 Efnisyfirlit
5 Hlutverk hönnuða á tímum breytinga
Fyrirlestradagskrá og umræður í Tjarnarbíói

6 Let's March Together
General information
7 Program highlights

13 Dagskrá

**Arkitektúr**
Arkitektúr og innanhússhönnun
14 KRADS Playtime
16 10+ húsgagnasýning
FÉLAGIÐ
17 Ferlið sýning arkitekta
Borgaraleg hegðun
Kaffibíllinn–Kaffihús
Snortið Landslag
18 Fyrirlestrar í Félaginu
Lifandi lífsgæði
25 Opnar vinnustofur
30 101 Tækifæri

**Grafísk hönnun**
19 ORÐ!
20 Sýniletur
Mæna 2011
Grafían
21 FÍT 2011
Auglýsingar beint í bílinn
26 Skjaldarmerki Pólýfóníu
27 Þjóðfáni Íslands
Lausaletursparty
Þí/ýða

**Annað**
18 Skólasýning
26 Apparat á Sódómu

**Vöruhönnun**
Vöruhönnun, skartgripa-hönnun og keramik
16 10+ húsgagnasýning
18 Íslenskir framleiðendur
19 Spáð'í bolla
Giving
Teboð
Mæjónes-safarí
Kaffibollar og mál
21 Fiskur og fínheit
Kirsuber
22 Skyrkonfekt frá Erpsstöðum
Kjammi og kók
23 Treflaverksmiðja
24 Gibbagibb
Vættir
25 Inn og út um glerið
28 Bollar í blóma
Drífa
29 Black Magik
Leikgleði
SSS
30 Gling Gló skart
Ræðubindi
31 Hönnuðir í Kiosk
32 Vöruhús á Laugavegi
35 Ljós í myrkri
Landnám Attakatta
36 Al 13–Hönnun og ál
Íslensk hönnun í Epal
37 Prologus hönnunarhús
Fall
Hugmyndir um LACK
CUT_FISH
HAF @ vörur í vinnslu
38 Gallery Jens
39 Bú kartöfluflögur
Illuminati Nordica
Varius
Gersemar
Pétur B. Lúthersson

**Fata- og textílhönnun**
Fatahönnun og Textílhönnun
14 Hljómur úr hönnun
15 When Gravity Fails
Mundi–Rabbit Hole
18 Sýning fatahönnunar-nema LHÍ
21 Hönnuður mars-mánaðar 2011
23 Smash & Grab
25 Rain Dear
Dúkkaðu mig upp
29 GuSt & kurlproject
30 Kvon
31 Nostrum/Hulda Fríða
Örtískukvikmynd
Skaparans
STEiNUNN Experimental
Sunbird á hreyfingu
34 Arctic Designs Textíll
36 Mynsturmergð
38 Á gráu svæði
Spretta

40 Kort
48 Colophone

# Hlutverk hönnuða á tímum breytinga

## Fyrirlestradagskrá og umræður í Tjarnarbíói

**24. mars 2011**
**10:00–15:00**











**Við upphaf HönnunarMars í ár, fimmtudaginn 24. mars, efnir Hönnunarmiðstöð til fyrirlestradagskrár og umræðna í Tjarnarbíói sem hönnuðir og áhugafólk um skapandi samfélag mega ekki láta fram hjá sér fara.**

Mikil gróska er á sviði hönnunar og breytt umhverfi kallar á nýjan hugsunarhátt. Hönnun gegnir veigamiklu hlutverki á tímum mikilla breytinga, enda býr aðferðafræði hönnunar yfir einstökum möguleikum til sköpunar og endursköpunar.

### Tími breytinga

Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor við Listaháskóla Íslands stjórnar dagskránni og forseti Íslands setur hana. Hönnuðir sem þekktir eru í hönnunarheiminum fyrir djarfa sýn og nýstárleg efnistök munu stíga á svið og miðla reynslu sinni, hugmyndafræði og framtíðarsýn.

### Fram koma

**Jerszy Seymour** er vöru- og húsgagnahönnuður, þekktur fyrir nýstárlega nálgun við notkun á efnivið. Afslappaður húmor einkennir verkin hans, þau eru leikræn og litrík og tilvísanir virðast oft vera til popplistarinnar og teiknimyndaheimsins. Jerszy veltir fyrir sér hönnun í nútímanum, um hvað hún snýst og hvernig hún hefur áhrif.

**Winy Maas** arkitekt er einn af þremur stofnendum arkitektastofunnar MVRDV, en stofan hefur verið leiðandi vitsmunalegt og ögrandi afl innan arkitektúrs síðustu 20 árin. Winy Maas stýrir einnig The Why Factory, rannsóknarstofu borga framtíðarinnar, sem hann stofnaði árið 2008 í samvinnu við Delft School of Design.

**Ilkka Suppanen** er arkitekt og húsgagnahönnuður. Ilkka sækir í skandinavíska arfleifð í hönnun sinni en nálgast hana á afslappaðan og nýstárlegan hátt. Hönnun hans er nútímaleg og hagnýt en á sama tíma höfðar hann til fagurfræðilegra sjónarmiða. Árið 1995 stofnaði Ilkka Studio Suppanen sem hefur unnið ýmis hönnunarverkefni fyrir mörg alþjóðleg fyrirtæki eins og Arted, Axis, Cappellini, Ferlea, Leucos, Lucente, Nokia, Zanotta, Marimekko og Saap svo einhver séu nefnd. Ilkka Suppanen hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir hönnun sína víðs vegar um heiminn.

**Siggi Eggertsson** er grafískur hönnuður fæddur á Akureyri árið 1984. Siggi hefur verið sérstaklega afkastamikill í starfi og hefur verið lýst í alþjóðlegum fagtímaritum sem upprennandi sjörnu myndskreytinga með sinn einstaka stíl. Hann hefur starfað fyrir fjöldamörg innlend sem alþjóðleg fyrirtæki svo sem 12 Tóna, Listahátíðina Sequences, HönnunarMars, Coca Cola, H&M Divided, Nike, Wallpaper, Stussy, Wired Magazine og fleiri auk þess sem að verk eftir Sigga hafa birst í fjöldamörgum erlendum blöðum og tímaritum.

Í boði verða fallegar veitingar að hætti Mæjónes en dagskráin hefst klukkan 10 og lýkur klukkan 15. Aðgangseyrir 2.500 krónur.

# Let's March Together

The preparation of the first DesignMarch, in 2009, took place under the steady rhythm of the pot and pan revolution at Austurvöllur Parliament Square. Iceland was at a crossroads. The financial system had collapsed and Parliamentary elections had been declared. It was a time of change. The nation looked to innovation as the way out. Could designers contribute to rebuilding the economy? Iceland Design Center, still in its first year of operation, swiftly rallied its forces, launching a massive campaign promoting Icelandic design.

Although by no means a new phenomenon, remarkable progress has been made in the field of Icelandic design in recent years, with general awareness of its importance continuing to increase.

Featuring Iceland's internationally renowned veterans in the field as well as fledgling new designers, the program of this year's DesignMarch includes a wide range of exciting events, exhibitions and lectures. The festival presents design as an industry, built on a firm foundation and playing a fundamental role in these times of great change.

Design's huge potential for creation and re-creation is stimulated and encouraged by DesignMarch, providing a platform for designers, businesses, manufacturers and buyers, inviting new possibilities and opportunities.

The experts predicted that in 2011, Iceland's economical slump would hit its lowest point. What do you do when you reach rock bottom? We reach for the design tools, gather our collective strength and move upwards.

Let's March together at DesignMarch.

Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre

Board and staff
of Iceland Design Center

## Opening hours at DesignMarch
**(unless stated otherwise)**

**24.03 Thursday 11 am–6 pm**
**25.03 Friday 11 am–6 pm**
**26.03 Saturday 11 am–5 pm**
**27.03 Sunday 1 pm–5 pm**

**Visit icelanddesign.is for English program or get a copy of Reykjavík Grapevine for event listings.**

## Festivalbar 2011

49

**Laundromat Café**
**Austurstræti 9**

## Kaffibíllinn – kaffihús

29

**Félagið, Útgerðin**
**Grandagarður 16**

# Program highlights

The Iceland Design Center is proud to present the upcoming DesignMarch taking place 24–27th of March, bringing awakening of spring and growth in Icelandic design. DesignMarch is a four day design festival in Reykjavik featuring an extensive and impressive programme where a profusion of events, stimulating lectures and exhibitions reflect the diversity of Icelandic design and architecture.

Highlighting a discussion on design in times of change we proudly welcome leading designers and lecturers to the festival.

During DesignMarch you will get the opportunity to explore a variety of inspiring projects. We welcome you to march with us and celebrate a design feast in Reykjavik.

## Polyfónía's Crests

18

**Tjarnarbíó**
**Tjarnargata 4**
**24.–27.03**

Exhibition of a series of crests, designed by Siggi Eggertsson for the latest album of Icelandic band Apparat Organ Quartet, entitled Polýfónía. Eggertsson made a crest for each band member, as well as for each album track. All the crests were then combined into a single one, featured on the album's front cover. The crests were made by cutting and pasting many layers of vinyl foil on top of one another.



## Sheep Heads & Soda

19

**Norræna húsið**
**Sturlugata 5**
**24.–27.03 12 pm–5 pm**

The Icelandic Ceramic Association launches an exhibition at the Nordic House as a part of DesignMarch 2011. The focus is on Icelandic cuisine in containers, referring to Icelandic traditions regarding the preparation and serving of food in various containers, such as pots, pans, plates and wooden urn-like objects. The participating artists focus and reflect on forms and tools associated with Icelandic food preparation in various periods. The exhibition brochure contains Icelandic recipes and serving suggestions intended for each container.



## KRADS Playtime

9

**Listasafn Reykjavíkur**
**Hafnarhúsi**
**Tryggvagata 17**
**26.03–27.03**

In the courtyard of the Reykjavik Art Museum, Hafnarhúsid, the Icelandic / Danish architectural firm KRADS will be doing a site-specific installation giving guests a glimpse of the traveling workshop PLAYTIME. Developed in collaboration between KRADS and Danish toy manufacturer LEGO, in this workshop, creativity is unleashed through a mixture of play and specific obstructions. The workshop has been held for students of architecture in Iceland and Denmark and will soon be traveling to other countries as well.



# In The Gray Area

46

**Hönnunarsafn Íslands**
**Garðatorg 1**
**23.03.–29.05**

Museum of Design and Applied Art's exhibition at DesignMarch 2011. By basing her works on human hair, Hrafnhildur Arnardóttir, a.k.a. Shoplifter, has set her mark on the art world. More than base material, the symbolic world and meaning of hair are an integral aspect of her visual creation. While constituting a vital part of our identity, and inextricably linked to ideas of vanity and attractiveness, hair can also stir unease – an indispensable device for conjuring dark imagery and dreadful characters surrounded by mystique. That fine thread, hair, is ever more apparent in the works of Arnardóttir. She has collaborated with numerous prominent designers and artists, since her works exemplify the three pillars of fashion: sophistication, provocation and excess. The last one can often be attributed to profound personal interpretation of artists and designers, where absolute control over fabric, color and form is achieved. Arnardóttir is very popular within the fashion world, for example teaming up with renowned New York based stylist Edda Gudmundsdóttir. Furthermore, her collaboration with Björk for the cover of her album Medulla, is exemplary of the way her art and design transcends genres. Arnardóttir's clothing, masks and sculptures are unquestionably made from unconventional material, thereby answering the growing demand for recycling and eco-consciousness. Moreover, her works shed light on society's ambiguous boundaries. The norms and customs of one culture can be rejected elsewhere; the concept of the beautiful and the grotesque, and the path that connects them, is often paved with lightheartedness and humor.



# Shake

6

**101 Hótel, cellar**
**Hverfisgata 10**
**25.03–03.04 10 am–8 pm**

The Iceland's Guild of Fashion Designers hosts an event at DesignMarch, consisting of the premiere of a video highlighting Icelandic fashion design, as well as an installation exhibiting some of the featured outfits. The video was made in collaboration with Saga Film and the Inspired by Iceland initiative. Following DesignMarch it will be used as promotional material for Iceland and Icelandic fashion design.

# Warehouse

37

**Laugavegur 91**
**24.–25.03 11 am–6 pm**
**26.03 11 am–5 pm**
**27.03 1 pm–5 pm**

The Association of Product Designers and Industrial Designers invites the public to an exhibition, featuring new and exciting products by more than 20 designers. The opening party will take place Thursday March 24th between 3 and 5 pm. Renowned musician Mugison will play a new instrument, designed by himself and product designer Páll Einarsson. The designers will discuss their works with guests between 12 pm and 4 pm, Sunday March 27th.



# On Display

14

**Saltfélagshúsið**
**Grandagarður 2**
**24.–27.03**

Sýniletur / On Display is the free-style creation of fonts, where graphic designers allow their creativity to run wild, unshackled by the tradition and discipline of font design.

Graphic designers Rán Flygenring, Gunnlaugur Briem, Siggi Eggertsson, Stefán Kjartansson, Sveinn Þorri Davíðsson, Siggi Oddsson, Úlfur Kolka & Co., Siggeir Hafsteinsson and Matej Hlavacek exhibit the resulsts of their experiments and the joy of creation involved in font design.



# A Tea Party

6

**Íslenska óperan**
**Ingólfsstræti 2a**
**26.03 3 pm–5 pm**

The Tea Party Company hosts a tea party at the Icelandic Opera. Four kinds of teacups, made from Icelandic clay by four ceramicists, will be featured, in which a special tea blend made by Þóra Þórisdóttir from four Icelandic tea herbs, will be served. During DesignMarch, the teacups will be on display in the window of ELM boutique, Laugavegur 1.



# Smash & Grab

3

**Spark Design Space**
**Klapparstígur 33**
**24.03–28.05**

Scintilla debuts a new home textiles collection at Spark Design Space on March 24th, the first day of DesignMarch. This is Scintilla's second home textiles collection, emphasizing, as before, progressive graphics and top quality natural fibres. A part of the collection comes in a limited edition, made especially for the exhibition. This collection manifests fresh currents in Icelandic design, where direct inspiration from nature gives ground to vibrant colors and an exotic world of graphic forms. Scintilla's designer is clothing and textile designer Linda Björg Árnadóttir. With fifteen years of experience in the field, she has for example worked at fashion houses in France and Italy. For the past nine years, she has presided over the faculty of fashion design at the Iceland Academy of Art.

**The opening party will take place Thursday March 24th, starting at 5 pm.**




# Vík Prjónsdóttir Scarf Factory

39

**Laugavegur 6**
**25.–27.03 12 pm–6 pm**

Among the strongholds of knitwear company Vík Prjónsdóttir is the traceability and transparency of the production of Víkurprjón, located in the village Vík í Mýrdal. At DesignMarch, Vík Prjónsdóttir will operate a scarf factory, allowing guests to observe the production process and purchase freshly made scarves, made by designers as well as Víkurprjón's staff. As in every other factory, production does not stop except for coffee breaks, and therefore, this little factory will have a steady pulse, heat and sweat throughout DesignMarch. A reception, by invitation only, will take place on Friday March 25th between 5 and 7 pm.



# The National Flag

17

**Crymogea**
**Barónsstígur 27**
**23.03–27.03**

Iceland's Flag – Usage, Respect and Treatment (Þjóðfáni Íslands – Notkun, virðing og umgengni) is a new book, illustrating every principal rule and tradition pertaining to Iceland's national flag, which is utilized on surprisingly few occasions. Undoubtedly, that is because of people's fear of infringing the strict rules they believe accompany it, for example that if the flag touches the ground it has been ruined and must be destroyed immediately. This book's purpose is to dispel such myths and demonstrate how easy and enjoyable it is to hoist the flag every day. The book will be published at DesignMarch.

**The opening party and exhibition at the book's publisher Crymogea will begin at 8:30 pm, Thursday March 24th. The exhibition will continue at Crymogea over the following weeks.**



# Myriad Patterns

32

**Epal**
**Skeifan 6**
**24.–25.03 10 am–6 pm**
**26.03 11 am–4 pm**
**27.03 12 pm–4 pm**

Designers of the Icelandic Textile Guild exhibit fabrics, curtains, cushions, rugs, mats, lamps and sound silencers at design store Epal, showcasing Icelandic design and industry in knitting, felting, printing, weaving and carving, forming myriad patterns made from a wide range of materials. The textile designers will be present during the exhibition. Participants are: Aðalbjörg Erlendsdóttir, Anna Guðmundsdóttir, Anna Gunnarsdóttir, Bjargey Ingólfsdóttir, Bryndís Bolladóttir, Brynja Emilsdóttir, Guðlaug Halldórsdóttir, Helena Sólbrá Kristinsdóttir, Helga Pálína Brynjólfsdóttir, Hrönn Vilhelmsdóttir, Rósa Helgadóttir, Sara María Skúladóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigríður Elfa Sigurðardóttir, Stefanía Stefánsdóttir, Styrgerður Haraldsdóttir and Þórey Eyþórsdóttir.



# When Gravity Fails

9

**Listasafn Reykjavíkur**
**Hafnarhúsi**
**Tryggvagata 17**
**24.03–03.04**

The Reykjavik Art Museum, Hafnarhús, presents an installation of Sruli Recht's debut menswear collection, When Gravity Fails. The largest menswear collection by an Icelandic design studio to date, the installation will feature a highlighted selection from the collection. The Sruli Recht studio spent a year taming wild Icelandic raw materials, including hunted wild reindeer, taxidermied bird skins, horse and cod skin, and lamb fur, with the resulting collection made up almost entirely of these indigenous materials. When Gravity Fails is an exploration of the unique challenges that come with designing and working in Iceland. The garments will be presented alongside the captivating accompanying images of Marino Thorlacius.

**A reception will take place Friday March 24th, starting at 7 pm.**



# Folkloric Jewels

21

**Fógetastofa**
**Aðalstræti 10**

An exhibition of pieces designed and made by members of the Icelandic Goldsmiths Association. Their inspiration came from Icelandic folklore and mythology.

**Participants are**
Anna María Sveinbjörnsdóttir
Arna Arnardóttir
Dýrfinna Torfadóttir
Guðbjörg Ingvarsdóttir
Guðrún Bjarnadóttir
Harpa Kristjánsdóttir
Lilja Unnarsdóttir
Lovísa Halldórsdóttir
Reynir Már Ásgeirsson
Sif Ægisdóttir
Sigrún Sigurjónsdóttir
Sigurður G. Steinþórsson
Sigurður Ingi Bjarnason
Þorbergur Halldórsson

**The exhibition's opening party will begin at 7 pm Wednesday March 23rd and everyone is welcome.**



# Collaborators FÉLAGIÐ

29

**Grandagarður 16**
**25.03 11 am–11 pm**
**26.03 11 am–5 pm**
**27.03 1 pm–5 pm**

This DesignMarch, the headquarters of the living architectural center FÉLAGIÐ, will be at the Reykjavik harbor. This year's theme is Architecture and Industry. Just like last year, this is a collaboration between three trade unions, offering a varied program, not to be missed by anyone interested in architecture and design. The program is filled with exciting exhibitions and events. Also, guests are invited to enjoy refreshments at a unique café, overlooking the harbor. Among the main events are furniture exhibition 10+, featuring 30 new and exciting pieces; Process – an exhibition of the working process of architects; Touched Landscape - an experiential space created by landscape architects; lectures as well as a screening of the film Borgaraleg hegdun (Civil Behavior) by students of the Icelandic Academy of Arts. In addition, furniture and material manufacturers will exhibit Icelandic design, which is currently in production.

**The opening party will take place Thursday March 24th, starting at 8 pm.**




# Sound of Fashion

9

**Listasafn Reykjavíkur**
**Hafnarhúsi**
**Tryggvagata 17**
**25.03 8:30 pm**

Fashion houses Andersen & Lauth and Farmers Market, in collaboration with filmmakers and musicians, host an event at DesignMarch. Located in the courtyard of Reykjavik Art Museum, Hafnarhús, the idea is to create a little Reykjavik love story, attempting to cause guests' hearts to beat as one, in synch with live music, improvised from the event's theme. The sophisticated and adventurous feel of Andersen & Lauth will be entwined with the air of the countryside romance surrounding Farmers Market, resulting in an Icelandic fairy tale for eyes and ears.





# Dagskrá

# Hafnarhúsið

**Hljómur úr hönnun**
**KRADS Playtime**
**When Gravity Fails**

9
**Listasafn Reykjavíkur,**
**Hafnarhúsi**
**Tryggvagata 17**

**23.03 18:00–20:00**
**24.–25.03 10:00–18:00**
**26.03 11:00–16:00**
**27.03 12:00–16:00**




Arkitektúr

## KRADS Playtime

9
**Listasafn Reykjavíkur**
**Hafnarhúsi**
**Tryggvagata 17**
**26.03–27.03**



Í porti Hafnarhússins verður íslensk/danska arkitektastofan KRADS með innsetningu þar sem spilað verður með rými portsins um leið og gestum gefst kostur á að skyggnast inn í heim farand-vinnustofunnar PLAYTIME. Vinnustofuna þróaði KRADS í samvinnu við danska leikfangaframleiðandann LEGO, en í henni er sköpunargleðinni gefinn laus taumurinn í blöndu af leik og krefjandi hindrunum. Vinnustofan hefur verið haldin með arkitektanemum á Íslandi og í Danmörku og heldur auk þess til fleiri landa á næstunni.

Fatahönnun

## Hljómur úr hönnun

9
**Listasafn Reykjavíkur**
**Hafnarhúsi**
**Tryggvagata 17**
**25.03 20:30**

Fatahönnunarfyrirtækin Andersen & Lauth og Farmers Market munu, í samstarfi við kvikmyndagerðar- og tónlistarmenn, standa að viðburði á HönnunarMarsi í porti Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Hugmyndin er að búa til litla ástarsögu úr Reykjavík og freista þess að fá hjörtu gesta til að slá sem eitt í takt við lifandi tónlist sem spunnin verður út frá þema sýningarinnar. Hið fágaða og ævintýralega yfirbragð sem einkennir Andersen & Lauth verður fléttað saman við sveitarómantíkina sem svífur yfir vötnum hjá Farmers Market með það að markmiði að úr verði lítið íslenskt ævintýri fyrir augu og eyru.





# When Gravity Fails

9

**Listasafn Reykjavíkur**
**Hafnarhúsi**
**Tryggvagata 17**
**24.03–03.04**



Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsi, kynnir *When Gravity Fails*, sýningu tileinkaða fyrstu karlmannsfatalínu Sruli Recht. Sýndar verða valdar flíkur úr línunni, en hún er umfangsmesta lína sinnar tegundar sem unnin hefur verið í íslensku hönnunarstúdíói. *When Gravity Fails* er afrakstur heils árs vinnu við villt íslensk hráefnum á borð við hreindýra-, hesta- og þorskleður og mokkaskinn. Línan endurspeglar þær séríslensku hindranir sem fylgja hönnun og framleiðslu hér á landi.

**Opnunarhóf verður haldið 25. mars frá klukkan 19.**



# Mundi Rabbit Hole

18

**Nasa**
**Austurvöllur**
**25.03 22:00**



Mundi sýnir fyrstu stuttmynd sína *Rabbit Hole* í Tjarnarbíói á HönnunarMars. Myndin hefur nú þegar farið á nokkrar kvikmyndahátíðir víða um heim og fengið mjög góða dóma. Fyrir sýningu myndarinnar mun Mundi bjóða upp á léttar veitingar í fordyri Tjarnarbíós þar sem sýndar verða valdar flíkur úr sumarlínunni 2011.

# FÉLAGIÐ

**10+ húsgagnasýning**
**Borgaraleg hegðun**
**Ferlið–sýning arkitekta**
**Fyrirlestrar í Félaginu**
**Íslenskir framleiðendur**
**Kaffibíllinn–kaffihús**
**Snortið landslag**

29

**Grandagarður 16**
**25.03 11:00–23:00**
**26.03 11:00–17:00**
**27.03 13:00–17:00**

Að þessu sinni verður hin lifandi arkitektamiðstöð FÉLAGIÐ staðsett úti á Granda gegnt gömlu verbúðunum. Þemað í ár er Arkitektúr og Iðnaður. Líkt og á síðasta ári er hér um að ræða samvinnu þriggja fagfélaga þar sem boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá sem áhugafólk um arkitektúr og hönnun má ekki láta fram hjá sér fara. Dagskráin er hlaðin spennandi sýningum og viðburðum og einnig verður hægt að setjast niður á öðruvísi kaffihúsi, njóta veitinga og útsýnisins yfir höfnina.

Helstu viðburðir eru húsgagnasýningin 10+ með 30 nýjum og spennandi verkum, Ferlið – sýning á vinnuferli arkitekta, Snortið landslag – upplifunarrými landslagsarkitekta, fyrirlestrar verða haldnir og kvikmyndin Borgaraleg hegðun eftir nemendur í LHÍ verður sýnd. Einnig munu húsgagnaframleiðendur og framleiðendur á byggingarefni kynna íslenska hönnun sem er í framleiðslu í dag.

Við bjóðum ykkur að koma og upplifa fjölbreytileikann í arkitektúr á Íslandi í notalegu




andrúmslofti. Hlökkum til að sjá ykkur!

Arkitektafélag Íslands (AÍ)
Félag húsgagna- og innanhússarkitekta (FHI)
Félag íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA)

**Opnunarhóf verður haldið fimmtudaginn 24. mars frá klukkan 20.**

Innanhúshönnun / Vöruhönnun

# 10+ húsgagnasýning

29

**FÉLAGIÐ**
**Grandagarður 16**




FHI kynnir húsgagnasýninguna 10+ á HönnunarMars 2011. Sýningin vakti mikla athygli á síðasta ári og ljóst er að hún er komin til að vera. FHI, Félag húsgagna og innanhússarkitekta, ákvað því að endurtaka leikinn, með það að markmiði að gera enn betur en síðast.

Þátttakendur tilheyra mörgum hönnunarfélögum en einmitt það gerir sýninguna fjölbreytta og spennandi. Mikill kraftur og hugmyndaauðgi er í íslenskri húsgagnahönnun um þessar mundir og kynnum við núna til leiks það nýjasta frá hönnuðum landsins. Þátttakendur eru meðlimir í fagfélögum arkitekta, vöruhönnuða, innanhússarkitekta, leirlistar, grafískra hönnuða og textílhönnuða, samtals 30 sýnendur.

Félag húsgagna- og innanhússarkitekta var stofnað árið 1955, og er þar með elsta hönnunarfélag á Íslandi. Stofnfélagar FHI voru frumkvöðlar í íslenskri húsgagnahönnun og húsgagnaframleiðslu. FHI hefur mikla trú á íslenskri húsgagnaframleiðslu og á sér þá ósk að hún eflist og verði stór atvinnugrein. Markmið með sýningunni 10+ er að kynna íslenska hönnun og hvetja til aukinnar framleiðslu á húsgögnum eftir íslenska hönnuði. Hönnun og framleiðsla hafa alla burði til að vera drifkraftur nýsköpunar.

Sýningarstjóri 10+ er Dóra Hansen og sýningarhönnuður er Ómar Sigurbergsson.

# Ferlið sýning arkitekta

29

**FÉLAGIÐ**
**Grandagarður 16**



Sýning Arkitektafélag Íslands í ár er frískleg, fræðandi og með frekar óhefðbundnu sniði.

Almenningur upplifir venjulega arkitektúr þegar hann er fullmótaður og risinn í umhverfinu eða í formi fullmótaðra tillagna í tímaritum, en nú gefst tækifæri á að skyggnast inn í heim arkitekta og skoða það þróunarferli sem liggur að baki fullmótuðu verki.

Ferlið – frá hugmynd til fullmótaðs verks gefur áhorfandanum innsýn í undirbúning, hugmyndavinnu og útfærslu á tilbúinni byggingu. Að þessu sinni er það ekki sjálf byggingin sem er aðalatriðið heldur hvernig hún varð til.

Vinnuferlið, hugmyndafræðileg og aðferðafræðileg nálgun arkitektsins er ólík eftir viðfangsefni og hverri stofu fyrir sig. Skissur, teikningar, ljósmyndir, líkön og margs kyns vinnugögn varpa ljósi á það þróunarferli sem hugmynd fer í gegnum til að öðlast þroska og geta orðið að veruleika.

Arkitektúr

# Borgaraleg hegðun

29

**FÉLAGIÐ**
**Grandagarður 16**



FÉLAGIÐ og Borghildur kynna kvikmyndina Borgaraleg hegðun. Kvikmyndin hefur hlotið góða dóma og var sýnd fyrir fullu húsi í Bíó Paradís í vetur. Fyrir þá sem ekki náðu að sjá hana þá er okkur það sönn ánægja að geta sýnt þessa mynd á HönnunarMarsinum í ár. Borghildur er sjálfstætt starfandi rannsóknarhópur innan Listaháskóla Íslands. Hann skipa Alba Solís, Auður Hreiðarsdóttir, Gunnhildur Melsted, Helga Hrönn Þorsteinsdóttir, Herborg Árnadóttir og Valný Aðalsteinsdóttir.

Arkitektúr

# Kaffibíllinn kaffihús

29

**FÉLAGIÐ**
**Grandagarður 16**

Eigendur Kaffibílsins, þau Njáll, Jónína og Hrönn, reka kaffihús á HönnunarMars. Verið velkomin til þeirra og njótið þess gæðakaffis sem þau framreiða um leið og útsýnisins og sýninga FÉLAGSINS.

Arkitektúr

# Snortið landslag

29

**FÉLAGIÐ**
**Grandagarður 16**



Landslagsarkitektar vinna á breiðu sviði við hönnun og mótun landslags í þéttbýli og dreifbýli. Pennastrikin eru allt frá fíngerðum línum heima í garði til stórgerðra lína í landslaginu. Góð hönnun skapar rammann um lífið á milli húsanna og tengir saman ólíka þætti eins og náttúru, sjálfbærni, byggð, umferð, menningu, leik og afslöppun.

Á HönnunarMars mun Félag íslenskra landslagsarkitekta, FÍLA, standa fyrir sýningu í FÉLAGINU þar sem gestum gefst tækifæri á að upplifa margbreytileika landslagsarkitektúrs. Í litlum upplifunarrýmum fá gestir að sjá fjölbreyttar hugmyndir og lausnir á umhverfinu. Þema hvers rýmis er mismunandi og upplifun gesta breytileg eftir því í hvaða rými viðkomandi er staddur.

Vöruhönnun

# Íslenskir framleiðendur

29

**FÉLAGIÐ**
**Grandagarður 16**

FÉLAGIÐ býður íslenska framleiðendur velkomna á sýningarsvæði sitt úti á Granda

Íslenskir framleiðendur vilja koma á framfæri nýrri íslenskri framleiðslu þar sem ígrunduð hönnun og frábært handbragð haldast í hendur. Samstarf íslenskra framleiðenda og hönnuða stendur á gömlum merg og er enn að geta af sér ný og sífellt betri húsgögn og innréttingar.

**Þátttakendur eru**
Á Guðmundsson ehf
Solo Húsgögn
Sýrusson ehf–Hönnunarhús
BM Vallá ehf

**Opnunarhóf verður haldið fimmtudaginn 24. mars frá klukkan 20.**

Skólasýning

# Teikning, textíll og keramík

40

**12 Tónar, kjallari**
**Skólavörðustígur 15**
**24.–25.03 10:00–18:00**
**26.03 11:00–17:00**

Myndlistaskólinn í Reykjavík stendur fyrir kynningu á nýju hönnunartengdu diplómanámi í teikningu, textíl og keramiki. Verk eftir nemendur verða til sýnis og bæklingar um námið verða á boðstólum. Nemendur verða á staðnum til að kynna námið.

Arkitektúr

# Fyrirlestrar í Félaginu

29

**FÉLAGIÐ**
**Grandagarður 16**



Nokkrir áhugaverðir fyrirlestrar verða í boði laugardaginn 26. mars í FÉLAGINU – Grandagarði 16. Tímasetningar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Nánari upplýsingar á www.honnunarmars.ai.is

**13:00–13:45**
AF arkitektar fjalla um hönnun sína á Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ en notast er við byggingaupplýsingalíkan (BIM) við þá vinnu.

**13:45–14:30**
Elísabet V. Ingvarsdóttir flytur erindi

**14:30–15:15**
Magnús Jensson arkitekt flytur erindið Íbúðin - hugmyndasaga og framtíðarsýn

**15:15–16:00**
Teiknistofan Batteríið fjallar um hönnunarferli byggingarinnar Active Living Centre sem teiknistofan vinnur fyrir Háskólann í Manitoba, Kanada.

Fatahönnun

# Sýning fatahönnunarnema LHÍ

41

**Nasa**
**Austurvöllur**
**25.03 22:00**

Nemendur á 1. og 2. ári í fatahönnun við Listaháskóla Íslands sýna afrakstur fimm vikna námskeiðs þar sem þeir hönnuðu og saumuðu tvo til fjóra alklæðnaði.

Arkitektúr

# Lifandi lífsgæði

**Miðborg Reykjavíkur**
**24.–27.03**



Vissir þú að 48% af landsvæði höfuðborgarinnar er ráðstafað undir grá samgöngumannvirki? Rannsóknir í umhverfissálarfræði sýna að það að eiga þess kost á að horfa á eða njóta náttúrunnar gefur okkur tækifæri til að hlaða batteríin og endurheimta orku. Náttúruhleðslan ferðast um á HönnunarMars og býður fólki upp á endurhleðslu í boði nemenda á umhverfisskipulagsbraut við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Keramik

# Spáð'í bolla

22

**Kaolin**
**Ingólfsstræti 8**
**24.–31.03 12:00–18:00**
**26.03 11:00–17:00**

Átta hönnuðir sýna bolla í Kaolin undir yfirskriftinni Spáð'í bolla. Sýningin er allt í senn sýning á fjölbreyttum formum og gerðum bolla, innsetning og gjörningur þar sem gestir sýningarinnar fá að taka þátt.

**Laugardaginn 26. mars fyllist galleríið andagift en þá verður spáð í bolla sýningarinnar.**

**Þátttakendur eru**
Arnlaug Borgþórsdóttir
Ása Tryggvadóttir
Bjarni Viðar Sigurðsson
Helga Birgisdóttir
Jóna Thors
Kolbrún Sigurðardóttir
Íris Rós Söring
María Kristín Óskarsdóttir

Vöruhönnun

# Giving

47

**Vopnabúrið**
**Hólmaslóð 4**
**26.03 13:00**

GIVING er ný lína af gjafapappír og tækifæriskortum úr smiðju Megan Herbert. Hún stendur fyrir gagnvirkri sýnikennslu á innpökkun sem og origami-listinni. Línan GIVING gengur út á að finna nýjar aðferðir til að gefa og þiggja – aðferðir sem rista dýpra en kaupsýsla og efnishyggja – og að kanna það hvernig hægt er að tjá væntumþykju og þakklæti með hjálp gjafanna sem við gefum.

Keramik

# Teboð

6

**Íslenska óperan**
**Ingólfsstræti 2a**
**26.03 15:00–17:00**



Teboðsfélagið býður til teboðs í Íslensku óperunni. Fjórar gerðir tebolla úr íslenskum leir, eftir jafnmargra leirlistamenn, verða til sýnis. Gestum býðst að bragða te úr bollunum, sem Þóra Þórisdóttir blandar úr fjórum íslenskum jurtategundum. Á meðan HönnunarMars stendur verða tebollarnir til sýnis í útstillingarglugga ELM að Laugavegi 1.

Vöruhönnun

# Mæjónes-Safarí

18

**Mæjónes, Tjarnarbíói**
**Tjarnargata 12**
**24.–27.03**

Ragnheiður Ágústsdóttir verður, ásamt Áslaugu Snorradóttur, með sýningu í Mæjonesi, Tjarnarbíói, á ævintýralegum matarílátum og bökkum.

Grafísk hönnun

# ORÐ!

15

**Listasalur IÐU**
**Lækjargata 2a**
**26.03–19.04 09:00–22:00**



Elsa Nielsen sýnir á Hönnunar-Mars verk með blandaðri tækni í listasal IÐU. Elsa er þekkt fyrir falleg textabrot í myndum sínum og að þessu sinni eru það mismunandi leturgerðir textans sem gefa verkunum karakter og sérstöðu. Þetta er sjötta einkasýning Elsu á sviði myndlistar en hún er grafískur hönnuður og félagi í FÍT.

**Opnunarhóf verður haldið þann 26. mars frá klukkan 13.**

Keramik

# Kaffibollar og mál

15

**Súfistinn í IÐU**
**Lækjargata 2a**
**24.–27.03 09:00–22:00**

Kaffibollar og mál Auðar Ingu verða til sýnis á Súfistanum í IÐU á HönnunarMars.

# Saltfélagshúsið

**FÍT 2011**
**Grafían**
**Mæna 2011**
**Sýniletur**

14
**Saltfélagshúsið**
**Grandagarður 2**
23.03 18:00–20:00
24.–25.03 10:00–18:00
26.03 11:00–16:00
27.03 12:00–16:00



Grafísk hönnun

## Sýniletur

14
**Saltfélagshúsið**
**Grandagarður 2**

Sýniletur ber vitni um tíðaranda. Það formar og gefur innsýn í efni texta eins og tískuföt lýsa mannslíkamanum á hverjum tíma. Hvell tjáning um núið – stað og stund, strauma og stefnur, nátengd hverfulum augnablikum hugmyndasögunnar. Einstaka sýniletur stenst þó tímans tönn og verður jafnvel klassískt.

Hér er að finna úrval sýniletuRS, þar sem sérkenni, bakgrunnur og eiginleikar hvers leturs eru framlengd út í sýningarrýmið.

**Þátttakendur eru**
Rán Flygenring
Sveinn Þorri Davíðsson
Siggi Odds
Siggi Eggertsson
Jónas Valtýsson
Stefán Kjartansson
Gunnlaugur Briem
Úlfur Kolka & Co.
Siggeir Hafsteinsson
Matej Hlavacek

Grafísk hönnun

## Mæna 2011

14
**Saltfélagshúsið**
**Grandagarður 2**



Í tímaritinu Mænu, sem kemur nú út í annað sinn, er fjallað um þátt kvenna í grafískri hönnun. Þar eru konur hlutgerðar og hlutir kvengerðir. Í Mænu er hlutur kvenna í grafískri hönnun sem frumlag, andlag, viðfang og sem neytendur skoðaður. Sjónarmið greinarhöfunda eru ólík, þeirra er efni greinanna og skoðanir. Nemendur á þriðja ári í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands unnu að blaðinu ásamt kennurum sínum. Þeirra eru rannsóknir, efnisöflun og úrvinnsla.

Mæna kemur út á HönnunarMars. Á FÍT 2011 verður haldin kynning á blaðinu; innihaldi þess sem og vinnuferlinu.

Grafísk hönnun

## Grafían

14
**Saltfélagshúsið**
**Grandagarður 2**

Nemendur á 2. ári í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands setja upp sölusýningu til að safna fyrir utanlandsferð til Sikileyjar í haust. Hver og einn nemandi býr til verk á sýninguna og verða því fjölbreytt verk bæði til sýnis og sölu.



# FÍT 2011

14

**Saltfélagshúsið**
**Grandagarður 2**
**23.–27.03**

Hönnunarkeppnin FÍT 2010 / Grafísk hönnun á Íslandi er árleg samkeppni FÍT, Félags íslenskra teiknara. Markmið keppninnar er að vekja athygli á þeim verkum sem skarað hafa fram úr í grafískri hönnun á árinu og þeim sem komu að hönnun þeirra. Einnig á keppnin að auka vitund fyrir því sem vel er gert og auka hróður frumlegra og snjallra útfærslna. Keppnin gefur tilefni til skoðanaskipta og umræðna, vekur athygli á sköpun, straumum og stefnum og kveikir frekari áhuga á vandaðri grafískri hönnun innan atvinnulífsins, meðal almennings og síðast en ekki síst þeirra sem við fagið starfa.

**Verðlaunaafhendingin fer fram í Saltfélagshúsinu miðvikudaginn 23. mars klukkan 18. Við sama tækifæri verður opnuð sýning á viðurkenndum og verðlaunuðum verkum úr keppninni.**





# Kirsuber

23

**Kirsuberjatréð, verslun og kjallari**
**Vesturgata 4**
**25.03 11:00–19:00**
**26.03 11:00–17:00**
**27.03 13:00–17:00**

Hönnuðir Kirsuberjatrésins sýna nýja og forvitnilega hönnun undir yfirskriftinni Kirsuber.

**Þátttakendur eru**
Arndís Jóhannsdóttir
Hulda B. Ágústsdóttir
Kristín Garðarsdóttir
Margrét Guðnadóttir
Ólöf Erla Bjarnadóttir
Sigríður Ásta Árnadóttir
Björg í bú
Húníhún
Valdís Harrýsdóttir

**Margrét Jónsdóttir**
Margrét Jónsdóttir leirlistakona á Akureyri sýnir lampa og lýsir upp gamla steinhlaðna kjallara Kirsuberjatrésins.

**Opnunarhóf verður haldið fimmtudaginn 24. mars á milli 17 og 21.**



# Auglýsingar beint í bílinn

**Grandi**
**24.–25.03 12:00–16:00**

ENNEMM setur upp auglýsingastofu með bílalúgu svo að þú getir fengið þínar auglýsingar beint í bílinn á meðan beðið er.



# Fiskur og fínheit

20

**Gullsmiðja Sædísar**
**Geirsgata 5b**
**24.–27.03**

Á sýningunni gefur að líta skartgripi sem Dýrfinna Torfadóttir hefur hannað á nokkra starfsmenn HB Granda. Hún sýnir gripina samhliða ljósmyndum eftir Guðmund Bjarka Halldórsson. Nánar á www.diditorfa.com og www.saedis.is



# Hönnuður marsmánaðar 2011

12

**Listasafn Íslands, safnbúð**
**Fríkirkjuvegur 7**
**24.–27.03 11:00–17:00**

Rósa Helgadóttir sýnir fatnað úr bómull sem er hluti af línu ársins 2011. Hún sækir innblástur í íslenska náttúru, landslagið og veðráttuna; þætti sem hún tvinnar saman á sérstakan og nútímalegan hátt.

# Skyrkonfekt frá Erpsstöðum

27

**Turninn á Lækjartorgi**
**24.–27.03 12:00–18:00**



Skyrkonfektið er sérhannað og þróað af þátttakendum í rannsóknarverkefni Listaháskóla Íslands *Stefnumót hönnuða og bænda*, fyrir Rjómabúið á Erpsstöðum.

Rjómabúið Erpsstaðir er fjölskyldufyrirtæki í Dölunum. Á býlinu búa mjólkurkýrnar við bestu hugsanlegu aðstæður og ráða tíma sínum sjálfar. Undir sama þaki framleiða bændurnir afurðir sínar af kostgæfni með það að markmiði að opna nýjar víddir í upplifun á mjólkurafurðum.

Skyrkonfektið verður til sölu í Turninum á meðan á sýningunni stendur.

Aðstandendur verkefnisins eru Sigríður Sigurjónsdóttir prófessor í vöruhönnun við LHÍ, Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir og Brynhildur Pálsdóttir hönnunarstjórar verkefnisins, Jordi Serra grafískur hönnuður, Kristín Birna Bjarnadóttir og Sabrina Stiegler vöruhönnuðir, Örvar Birgisson konditorimeistari, Matís, þekkingar- og rannsóknarfyrirtæki í matvælaiðnaði og síðast en ekki síst bændurnir á Erpsstöðum Þorgrímur Einar Guðbjartsson og Helga Guðmundsdóttir, ásamt Ingvari Bæringssyni mjólkurfræðingi.



# Kjammi og kók

19

**Norræna húsið**
**Sturlugata 5**
**24.–27.03 12:00–17:00**



Leirlistafélag Íslands opnar sýningu í Norræna húsinu undir yfirskriftinni *Íslensk matargerð í íláti*. Tólf félagsmenn velta fyrir sér formum og hugmyndum um íslenskan mat sem og hefðir Íslendinga tengdar mat, svo sem verkfæri og ílát sem notast hefur verið við í gegnum tíðina. Ílátin eru ætluð utan um mat eða drykk og geymir sýningarskrá uppskriftir hönnuðanna sjálfra að þeim rétti sem hverju þeirra er ætlað. Sýningarskráin er þannig í senn matreiðslubók og kynning á hönnuðinum og er ætlað að að vera uppspretta endalausra hugmynda að góðum mat og drykk.

**Þátttakendur eru**
Anna Sigríður Hróðmarsdóttir
Árdís Olgeirsdóttir
Dóra Árnadóttir
Bjarni Viðar Sigurðsson
Bjarni Sigurðsson
Guðný Hafsteinsdóttir
Guðrún Indriðadóttir
Hrefna Harðardóttir
Halla Ásgeirsdóttir
Inga Elín Kristinsdóttir
Kolbrún Sigurðardóttir
Kristbjörg Guðmundsóttir
Ólöf Erla Bjarnadóttir
Ragnheiður Ágústsdóttir
Sigríður Helga Olgeirsdóttir

# Treflaverk-smiðja

39

**Laugavegur 6**
**25.–27.03 12:00–18:00**

Eitt af aðalsmerkjum Víkur Prjónsdóttur er rekjanleiki og gegnsæi framleiðslu Víkurprjóns í Vík í Mýrdal. Á HönnunarMars mun Vík Prjónsdóttir opna treflaverksmiðju þar sem gestir geta fylgst með framleiðslunni og keypt nýlagaða trefla. Bæði hönnuðirnir og starfsmenn framleiðslunnar í Vík munu sjá um að framleiða treflana. Eins og í öllum verksmiðjum stöðvast framleiðslan ekki nema í kaffihléum og mun því vera stöðugur púls, hiti og sviti í þessari litlu verksmiðju.






# Smash & Grab

3

**Spark Design Space**
**Klapparstígur 33**
**24.03–28.05**



Scintilla frumsýnir nýja línu af heimilistextíl í Spark Design Space á fyrsta degi HönnunarMars, þann 24. mars. Þetta er önnur lína Scintilla af heimilistextíl og er áherslan, sem fyrr, á framsækna grafík og vönduð náttúruleg efni. Hluti varningsins er aðeins framleiddur í takmörkuðu upplagi fyrir sýninguna. Í vörulínunni má skynja ferska strauma í íslenskri hönnun þar sem beinn innblástur frá náttúrunni er á undanhaldi og kraftmiklir litir og framandi formheimur er kynntur til leiks. Scintilla vörurnar eru hannaðar af Lindu Björg Árnadóttur, fata- og textílhönnuði. Linda Björg hefur fimmtán ára reynslu af textílhönnun en hún hefur starfað fyrir tískufyrirtæki í Frakklandi og á Ítalíu auk þess að hafa stýrt Fatahönnunarbraut Listaháskóla Íslands undanfarin níu ár.

**Opnunarhóf verður haldið 24. mars frá klukkan 17.**

# Aðalstræti 10

**Gibbagibb**
**Inn og út um glerið**
**Rain Dear**
**Vættir**

21

**Aðalstræti 10**
**24.–25.03 09:00–18:00**
**26.03 11:00–17:00**
**27.03 12:00–17:00**



Keramik

## Gibbagibb

21

**Á skörinni**
**Aðalstræti 10**



Hulda Eðvaldsdóttir sótti vetur-langt námskeið í hönnun á vegum Þekkingarnets Austurlands og Þorpsins – skapandi samfélags á Egilsstöðum, og var afraksturinn snagar úr lambahornum. Hugmyndina fékk Hulda frá langafa sínum, Jóni Stefánssyni í Möðrudal, en hann bjó til snaga og ýmsa aðra nytjahluti úr hornum sem hún heillaðist mjög af. Hún ákvað að þróa hugmyndina að snögunum eftir eigin höfði og útkoman varð Gibbagibb-snagar.

Skratgripahönnun

## Vættir

21

**Fógetastofa**
**Aðalstræti 10**

Á sýningunni eru gripir eftir meðlimi í Félagi íslenskra gullsmiða. Þema sýningarinnar er vættir og sækja gullsmiðirnir innblástur í þjóðsagnahefð Íslendinga við hönnun og smíði gripanna.

**Opnunarhóf sýningarinnar fer fram frá klukkan 19 miðvikudaginn 23. mars og eru allir velkomnir.**

**Þátttakendur eru**
Anna María Sveinbjörnsdóttir
Arna Arnardóttir
Dýrfinna Torfadóttir
Guðbjörg Ingvarsdóttir
Guðrún Bjarnadóttir
Harpa Kristjánsdóttir
Lilja Unnarsdóttir
Lovísa Halldórsdóttir
Reynir Már Ásgeirsson
Sif Ægisdóttir
Sigrún Sigurjónsdóttir
Sigurður G. Steinþórsson
Sigurður Ingi Bjarnason
Þorbergur Halldórsson



Fatahönnun

# Rain Dear

21

**Kraum**
**Aðalstræti 10**



Rain Dear var stofnað með það að leiðarljósi að setja fram nýjar hugmyndir um hönnun á hágæða yfirhöfnum sem þola regn. Þorbjörg Valdimarsdóttir og Heiða Eiríksdóttir eru menntaðir textíl- og fatahönnuðir. Þær sameinuðu krafta sína árið 2007 og vilja nú í tilefni HönnunarMars 2011 frumsýna þessar nýstárlegu flíkur. Fyrirtækið heitir Rain Dear og þar er tilvísun í regnið og ástúð til allra kvenna. Nýsköpunin felst í efnistökunum og nýrri sýn á regnfatnað.

Frumsýningin verður haldin í elsta húsi Reykjavíkur, en það var byggt árið 1762 af einstaklingi sem hóf framleiðslu á Íslenskum fatnaði. Sannkallað frumkvöðlahús! Þar er nú verslunin Kraum sem selur og sýnir fjölbreytileika íslenskrar hönnunar. Á annari hæð hússins er sýningarsalur þar sem flíkurnar verða settar fram eins og um skúlptúra væri að ræða.

Vöruhönnun

# Inn og út um glerið

21

**Kraum**
**Aðalstræti 10**

Á neðri hæð verslunarinnar Kraums verður gluggafilmum og plexígleri sem unnin eru út frá myndverkum Sveinbjargar Hallgrímsdóttur teflt saman. Samspil birtu og náttúruforma er stefið í verkunum, sem njóta sín vel í björtu rýminu. Sveinbjörg Hallgrímsdóttir hefur í meira en tuttugu ár starfað sem myndlistarmaður og hefur nú þróað verk sín yfir í nýja hönnunarlínu.

Arkitektúr

# Opnar vinnustofur

26

**Klapparstígur 16**
**Smiðjustígsmegin**
**26.03 17:00–19:00**

FærID teymi vöruhönnuða, Skyggnifrábært teymi arkitekta og Borgarmynd teymi arkitekta og grafískra hönnuða, ásamt Hagsýn bókhaldsfyrirtæki.

**Lítið við í opnar vinnustofur hjá okkur á Klapparstíg 16 (innangengt frá Smiðjustíg) laugardaginn 26. mars á milli klukkan 17 og 19.**

Fatahönnun

# Dúkkaðu mig upp

7

**Hótel Reykjavík Centrum**
**Aðalstræti 16**
**26.03 14:00–16:00**




*Doll me up - Dúkkaðu mig upp* er fyrsta sýning fatahönnuðarins Ernu Dísar Ingólfsdóttur sem hannar undir merkinu díS*IgN. Erna Dís sækir innblástur í geometrísk form, föndur og æskuþrá og hefur skapað stílhreina en fjörmikla línu sem minnir á litlar stúlkur í búningaleik. Falleg og kvenleg silúetta í bland við ævintýraleg smáatriði, form og liti. Sýningin fer fram í hjarta Reykjavíkur, á Hótel Reykjavík Centrum, og verða sýningarstúlkurnar á víð og dreif um rýmið.



# Skjaldarmerki Pólýfóníu



18

**Tjarnarbíó**
**Tjarnargata 4**
**24.–27.03**

Sýning á verkum sem grafíski hönnuðurinn Siggi Eggertsson vann fyrir umslag nýjustu plötu hljómsveitarinnar Apparat Organ Quartet, sem ber nafnið Pólýfónía. Hugmyndin var að gera skjaldarmerki sem væru lýsandi fyrir hvern meðlim hljómsveitarinnar, og að auki skjaldarmerki fyrir hvert lag plötunnar. Merkin voru loks sameinuð í einn skjöld, sem prýðir framhlið plötunnar. Verkin voru unnin með því að skera út og líma saman mörg lög af vínyl-fólíu.



# Apparat á Sódómu



31

**Sódóma Reykjavík**
**Tryggvagata 22**
**24.03 22:00**
**27.03 22:00**

Fáar hljómsveitir feta jafn ótroðnar slóðir og Apparat Organ Quartet. Sveitin var stofnuð árið 1999 og árið 2002 kom út samnefnd plata. Hún sló umsvifalaust í gegn og tónleikar, sem voru yfirleitt sjaldgæfir og með löngu millibili, seldust ávallt upp. Biðin eftir annari plötu yrði þó enn lengri en það var ekki fyrr en árið 2010 sem meistarastykkið Pólýfónía leit dagsins ljós. Henni var einstaklega vel tekið og var meðal annars útnefnd Plata ársins á Fréttablaðinu. Apparat komu fram á Iceland Airwaves við mikinn fögnuð og síðustu tónleikar þeirra á Íslandi voru útgáfutónleikar þeirra á NASA í desember. Núna er loks komið að Sódómu. Margir kunna að fagna því að Apparat komi fram þar, enda nándin sem skapast á slíkum tónleikastað mun meiri en á stærri stöðum og er því óhætt að lofa einstakri upplifun.

Apparat Organ Quartet skipa Jóhann Jóhannsson, Úlfur Eldjárn, Hörður Bragason, Músíkvat og Arnar Geir Ómarsson. Sveitinni hefur verið líkt við ekki ómerkari nöfn en Kraftwerk, Wagner, Goblin, Terry Reilly, Steve Reich, Sigur Rós, The Glitter Band, Stereolab og Trans Am.

**Miðasala hefst þann 1. mars í 12 Tónum, Skólavörðustíg 15. Nánar á www.sodoma.is**

Grafísk hönnun

# Þjóðfáni Íslands

17

**Crymogea**
**Barónsstígur 27**
**23.–27.03**



*Þjóðfáni Íslands – Notkun, virðing og umgengni* er ný bók sem sýnir á myndskreyttan hátt allar helstu reglur og hefðir sem snúa að þjóðfánanum.

Íslenska fánanum er furðu lítið flaggað af þjóð sinni. Án efa er ein helsta ástæða þess hræðsla fólks við að brjóta þær ströngu reglur sem álitið er að gildi um notkun hans. Þetta eru reglur á borð við að snerti fáninn jörð sé hann ónýtur og beri þá að farga honum umsvifalaust. Tilgangur bókarinnar er að kveða slíkar tröllasögur í kútinn og sýna að það er einfalt og skemmtilegt að flagga á hverjum degi.

Bókin Þjóðfáni Íslands kemur út í tveimur útgáfum. Auk þeirrar útgáfu sem fáanleg verður í bóka- og gjafavöruverslunum verður einnig til sölu sérstök viðhafnarútgáfa hjá útgefanda.

**Haldið verður útgáfuhóf og sýning hjá útgefanda bókarinnar, frá klukkan 20:30 fimmtudagskvöldið 24. mars. Sýningin verður í húsnæði Crymogeu út HönnunarMars og áfram næstu vikur á eftir.**

Grafísk hönnun

# Lausaleturs-party!

16

**Lindargata 50 (bakhús)**
**25.–26.03 14:00–18:00**




Við stöllurnar í Reykjavík letterpress ætlum að detta í lausaletrið!

Setjum saman orð og setningar með aðstoð gesta og látum litina mætast í regnbogadansi á prentvélinni þar sem pappírinn leikur aðalhlutverkið.

Letterpress er yfir fimmhundruð ára gömul prentaðferð fundin upp af Jóhannesi Gutenberg. Á seinni hluta síðustu aldar fékk aðferðin að víkja fyrir offsetprentun þegar hraði og magn urðu lykilorðin í útgáfuheiminum.

Að setja upp setningar í lausaletri krefst mikillar nákvæmni og þolinmæði en ó hvað það er skemmtilegt! Og það er ómótstæðilegt að sjá hvernig blýletrið skilur eftir sig alls konar blæbrigði og eftir mikla notkun er *A* ekki eins og næsta *A*, og útkoman þegar letrið hefur þrýst sér í mjúkan pappírinn er sannarlega áþreifanleg. Þessi karaktereinkenni elskum við og viljum kynna fyrir gestum okkar á HönnunarMarsi.

Grafísk hönnun

# Þí/ýða

1

**KronKron**
**Laugavegur 63b**
**24.03–26.03 10:00–18:00**



Þí/ýða er myndasafn teikninga og ljósmynda eftir Elisu Vendramin sem endurspegla samband einstaklingsins við hið síbreytilega landslag íslenskrar náttúru. Verkið var skapað á átta mánaða tímabili þegar Vendramin bjó á Íslandi. Verkið er meðal annars unnið út frá textaverkum Guðmundar Odds Magnússonar, prófessors við Listaháskóla Íslands.

Vendramin er ítalskur hönnuður búsett í London. Hún vinnur með ólíka sjónræna þætti í myndsköpun sinni, til dæmis ljósmyndun og teikningu. Þannig tvinnar hún saman þrívíða myndskúlptúra sem mynda ólíkar áferðir og aðstæður. Í júní 2010 útskrifaðist Vendramin með meistaragráðu í grafískri hönnun frá Central Saint Martins College of Art and Design og er hún sjálfstætt starfandi hönnuður.

**Opnunarhóf fer fram fimmtudaginn 24. mars frá klukkan 21.**

# Aurum

**Black Magik**
**Bollar í blóma**
**Drífa**
**Leikgleði**

13
**Bankastræti 4**
**24.–25.03 10:00–18:00**
**26.03 11:00–17:00**
**27.03 13:00–17:00**



Skartgripahönnun

## Bollar í blóma

13
**Aurum**
**Bankastræti 4**

Aurum býður þér í teboð. Gæddu þér á ljúffengu tei úr nýja Aurum bollastellinu.

Guðbjörg Ingvarsdóttir hönnuður og gullsmiður Aurum hefur hingað til einbeitt sér að hönnun skartgripa en hefur nú í samstarfi við finnska hönnunarteymið Elinno þróað borðbúnað úr hágæða postulíni. Í skartgripalínum Aurum er víða að finna vísanir í náttúruna og við hönnun borðbúnaðarins valdi Guðbjörg að vinna með tvær einkennandi línur Aurum; Heklu og Dögg. Við samstarf hönnuðanna voru gæði og tímaleysi höfð að leiðarljósi og er hugmyndin sú að borðbúnaðurinn eigi sér langa ævi og gangi kynslóða á milli.

**Opnunarteboð Aurum verður haldið fimmtudaginn 24. mars á milli 16 og 18 og eru allir velkomnir.**

Skartgripahönnun

## Drífa

13
**Aurum**
**Bankastræti 4**

*Drífa* er nýjasta skartgripalína Aurum, hönnuð og smíðuð af Guðbjörgu Ingvarsdóttur. Eins og oft áður sækir Guðbjörg innblástur í íslenska náttúru; formið í skartgripalínunni er sótt í snjókornið og birtingarmynd þess í náttúrunni. Í Drífu er kornunum raðað saman á mismunandi hátt þannig að út komi sjálfstæðar heildir í formi skartgripa. Eitt og sér er kornið fullkomlega lagað og viðkvæmt en þegar mörg safnast saman búa þau yfir mögnuðum krafti.



Skartgripahönnun

# Black Magik



13

**Aurum**
**Bankastræti 4**

Kria Jewelry er skartgripahönnun Jóhönnu Methúsalemsdóttur. Hugmyndin kviknaði þegar Jóhanna gekk fram á beinagrind af kríu á göngu sinni um svartar strandir Austurlands. Jóhanna notast við bein kríunnar og fleiri lífræn form í skartgripagerð sinni. Black Magik er nýútkomin lína frá Kriu. Í henni mætir svart oxíderað silfur gulli og náttúrulegum steinum. Skartið vísar í dulúð og galdra og er innblásturinn sóttur í helgisiði og andlegan tilgang þeirra.

Skartgripahönnun

# Leikgleði

13

**Aurum**
**Bankastræti 4**

Bryndís Bolladóttir og Brynja Emilsdóttir sýna hönnun fyrir börn þar sem íslenskt hráefni er haft að leiðarljósi. Dýrin bregða á leik í líki ólíkra nytjahluta, en þar á meðal eru ruggustóll, herðatré, teppi og sængurver.

**Opnunarhóf verður haldið fimmtudaginn 24. mars á milli 16 og 18.**




Vöruhönnun

# SSS

43

**Snyrtivöruverslunin Stella**
**Bankastræti 3**
**25.–27.03 Allan sólarhringinn**




Sviðsmyndahönnuðurinn Systa Björnsdóttir og iðnhönnuðurinn Sigga Heimis taka höndum saman og mynda ævintýraheim í sýningargluggum Stellu, einnar elstu verslunarinnar við Bankastræti í Reykjavík.

Fatahönnun

# GuSt & kurlproject

8

**Bankastræti 11**
**24.–27.03**



GuSt og kurlproject sameina nú krafta sína í sameiginlegri verslun að Bankastræti 11. Opið hús verður alla daga HönnunarMars.

**Opnunarhóf verður haldið fimmtudaginn 25. mars á milli 16 og 18. Sérstök kynning á sumarlínu GuSt og 2011 línu kurlproject fer fram við sama tækifæri.**

# Hræringur

6

**101 Hótel, kjallari**
**Hverfisgata 10**
**25.03–03.04 10:00–20:00**

Sýning Fatahönnunarfélags Íslands. Myndbandsverk og innsetning þar sem hönnun íslenskra fatahönnuða verður í brennidepli. Myndbandið er unnið í samstarfi við Saga Film og Inspired by Iceland og verður í framhaldi af HönnunarMars notað sem hluti af kynningarefni fyrir Ísland og íslenska fatahönnun.

*Listrænn stjórnandi:*
Laufey Jónsdóttir
*Verkefnastjóri:*
Dagmar Haraldsdóttir – Consept Event
*Verkefnahópur:* Erna Einarsdóttir og Harpa Einarsdóttir
*Leikstjóri:* Ragnar Agnarsson
*Leikmyndahönnuður:*
Linda Stefánsdóttir
*Stílisti:* Kristín Björgvinsdóttir
*Tónlist:* Gísli Galdur

Arkitektúr

# 101 Tækifæri

2

**Mokka**
**Skólavörðustígur 3a**
**24.–27.03**



Bók TORFUSAMTAKANA og Snorra Freys Hilmarssonar – 101 Tækifæri.

Reykjavík á sér fallegan gamlan miðbæ sem er sögulegt hjarta borgarinnar. Í máli og myndum er hér vakin athygli á þeim verðmætum sem þessi mikilvægi borgarhluti býr yfir og þeim tækifærum sem í þeim eru fólgin.

Skartgripahönnun

# Gling Gló skart

13

**Bankastræti 6**
**24.–25.03 12:00–18:00**
**26.–27.03 13:00–17:00**

Gling Gló er nýlegt íslenskt skartgripamerki sem samanstendur af tveimur hönnuðum, þeim Olgu Nielsen og Bergrós Kjartansdóttur. Í tilefni af HönnunarMars stendur Gling Gló fyrir sýningu á vörum sínum auk kynningar á nýjungum.

Fatahönnun

# Kvon

10

**Þjóðminjasafnið, Torgið**
**Suðurgata 41**
**12.03–03.04**

Sýningin er óður til fagurkerans, minni íslenskra kvenna, ómur fortíðar og vitnisburður nútíðar. Spariklæðnaður konu sem er elskuð; klæðnaður sem ber vott af íslenskum arfi en á nútímalegan hátt.

Vöruhönnun

# Ræðubindi

44

**Boxið**
**Laugavegur 168**
**24.03–27.03 13:00–16:00**



Hálsbindi fyrir ræðufælna.
Á bindunum eru mismunandi ræður prentaðar beint á bindið. Ræðumaður þarf því aðeins að lesa upp og setja nöfn, staði eða lýsingarorð þar sem við á.

Dæmi um ræður eru afmælisræða, brúðkaupsræða og hátíðarræða.



Fatahönnun

# Nostrum/ Hulda Fríða

2

**Nostrum**
**Skólavörðustígur 1a**
**24.–25.03 12:00–18:00**
**26.03 12:00–16:00**



Hulda Fríða er ungur hönnuður sem sýnir hönnun sína í fyrsta sinn á HönnunarMars. Hulda hefur starfað hjá Nostrum Design undanfarin tvö ár. Hún hannar frumlegan, þægilegan og töff fatnað og fylgihluti fyrir ungar konur sem vilja skera sig úr. Hulda verður á staðnum föstudag og laugardag.

Fatahönnun

# Örtísku-kvikmynd Skaparans

5

**Húsgafl á Hljómalindarreit**
**Laugavegur**
**24.–27.03 Þegar rökkva tekur**



Örtískukvikmynd Skaparans. Kvikmyndin er tekin og unnin af Hrafnhildi Gunnarsdóttur kvikmyndagerðarkonu og Hörpu Másdóttur ljósmyndara. Þetta er frumsýning myndarinnar.

Fatahönnun

# STEiNUNN Experimental

6

**101 Hótel**
**Hverfisgata 10**
**24.03–04.04**

Sýning á verkum Steinunnar Sigurðardóttur fatahönnuðar.



Vöruhönnun

# Hönnuðir í Kiosk

4

**Kiosk**
**Laugavegur 65**
**24.03–26.03 10:00–18:00**
**27.03 13:00–17:00**



Verslunin Kiosk er í eigu níu íslenskra fatahönnuða og bjóða þeir tveimur gestum að sýna hjá sér í tilefni af HönnunarMars.

**Hönnunarmarsipan**
Arna Rut Þorgilsdóttir og Rán Flygenring sýna Hönnunarmarsipan.

**Ljósatextíll**
Eistneski hönnuðurinn Kärt Ojavee hannar og framleiðir innanhússtextílvörur með dulda eiginleika. Má þar nefna sængurföt með mynstri sem kemur í ljós í dagsljósi, og kodda sem spilar tónlist.

Fatahönnun

# Sunbird á hreyfingu

**Búðargluggi við Laugaveg**
**24.–27.03**



Barnafatamerkið Sunbird sýnir fjögur stutt myndbandsverk í búðarglugga við Laugaveg. Myndböndin eru hluti af kynningarherferð merkisins fyrir vetrarlínuna 2010/11 og sumarlínuna 2011. Verkin eru unnin í samvinnu við ljósmyndarann Önnu Palma sem starfar í New York og sjá strákarnir í Stop Wait Go um tónlistina. Kíkið við og leyfið okkur að fara með ímyndunarafl ykkar í rússíbanaferð.

# Vöruhús á Laugavegi

37

**Laugavegur 91**
**24.–25.03 11:00–18:00**
**26.03 11:00–17:00**
**27.03 13:00–17:00**

Félag vöru- og iðnhönnuða býður gesti velkomna á sýninguna Vöruhús á Laugavegi. Þar sýna yfir tuttugu vöru- og iðnhönnuðir nýjar og spennandi vörutegundir, en vöruhönnun er vaxandi fag á Íslandi. Við hlökkum til að sjá ykkur!

**Opnunarhóf verður haldið fimmtudaginn 24. mars á milli 15 og 17. Tónlistarmaðurinn Mugison spilar á nýtt hljóðfæri, Mirstrument, sem hann og Páll Einarsson vöruhönnuður hafa hannað.**

Hönnuðir verða á staðnum á milli 12 og 16 sunnudaginn 27. mars og spjalla við gesti og gangandi.



## Vöruhönnun

**Anna Þórunn Hauksdóttir**
**Styrkur**
Ljósið byggir á fjórum einkennum góðs dansara: Hreyfingu, styrk, mýkt og útgeislun.
**Geyma**
Smáhirslur unnar út frá plastperlum. Þær gera hluti sýnilegri og minna á leik og gleði.

**Ásdís Jörundsdóttir**
**Dvalinn**
Í kollinum Dvalni eru tveir hlutir sameinaðir: kollur og blaðarekki. Líkt og nafni hans úr Snorra-Eddu, tekur Dvalinn lítið pláss, er léttur og meðfærilegur en mjög sterkur og traustur. Dvalinn er smíðaður hérlendis, að öllu leyti úr endurvinnanlegum bylgjupappa.



**Árni Grétarsson og Darri Úlfsson**
**Hlutlægt**
Rasti er lína af stemmningsljósum þar sem notast er meðal annars við íslenskan við.
Fjall 914 er sófi úr vistvænu íslensku hráefni, meðal annars úr íslenskum við.

**Berglind Snorra og Jón Snorri Sigurðsson**
**Project Reykjavík**
Nýjung í milliveggjum, skálar, vegglampar og loftljós. Berglind Snorra sýnir plötustandana Rocking Records í nýrri útfærslu og takmörkuðu upplagi, sem og nýja kertastjaka.

**Björg í bú**
**Peysuleysi**
Fjölnota flík úr 100% íslenskri ull framleidd á Íslandi. Hægt er að nota hana á ótal vegu því að margar flíkur leynast í einu Peysuleysi: Vesti, bóleró, peysa, sjal, ermar, kragi, trefill, hetta og buxur. Peysuleysið fæst í sex mismunandi litum.

**Chuck Mack Design**
**Fákar**
Fákar er lína borða og skrifborða úr gegnheilum harðvið og gleri þar sem stuðningsbitar gegna lykilhlutverki.
Bekkur Dagrúnar er úr samlímdum krossviði með stálundirstöðum.

**FærID**
Sýnir húsgögn og fylgihluti fyrir heimilið.

**Guðrún Edda Einarsdóttir**
**Íslensk arfleifð**
Lokaverkefni í skóhönnun frá London College of Fashion, Cordwainers. Skórnir sækja innblástur í íslenska sögu og menningu, meðal annars sauðskinnsskóna og íslenska faldbúninginn.

**Helga Egilsson**
**Minnisblokkir**
Sérhannaðar minnisblokkir.

**Helga R. Mogensen**
**Árstíðirnar**
Ýmis efniviður er nýttur til að túlka árstíðirnar fjórar í formi hálsmena sem hvert um sig hefur sitt sérkenni; liti og tákn. Lengd Árstíðanna er 162 sm, en uppröðun efnis er breytileg eftir árstíð.

**Hrafnkell Birgisson og Fanney Long**
**Skurðarbretti**
Skurðarbrettin eru framleidd á Íslandi af fyrirtækinu Fást ehf. sem sérhæfir sig í plastvinnslu fyrir matvælaiðnað, sér í lagi fiskvinnslu.

**Kristín Birna Bjarnadóttir og Friðgerður Guðmundsdóttir**
**Gerist**
**Minjagripur Reykjavíkur**
Hönnunarteymið Gerist sýnir Reykjavíkurhandklæðið í nýjum litatónum sem og Reykjavíkursápuna. Þessar vörur hlutu fyrstu verðlaun í samkeppni um minjagrip Reykjavíkurborgar. Nánar á www.gerist.is

**Kristrún Hjartar**
**Vakna Design**
**Hversdagsleikinn**
Hversdagsleikinn er brot af vörulínu Vakna Design sem leggur áherslu á nytsemi, einfaldleika og skemmtilegheit. Vakna vekur upp hversdagsleg viðfangsefni og skapar þeim nýjan búning.

**María Kristín Jónsdóttir**
**CUT**
María Kristín Jónsdóttir kynnir skartgripalínuna CUT sem hlaut fyrstu verðlaun í skartgripasamkeppni Hendrikku Waage 2010.

**Marý**
**Rignandi**
Rignandi ljósakróna er innblásin af kyrrðinni sem fylgir á eftir úrhelli.

**Páll Einarsson og tónlistarmaðurinn Mugison**
**Mirstrument**
Nýtt hljóðfæri sem Páll og Mugison hafa hannað í sameiningu.

**Prologus**
**Prologus heimilið**
Prologus hönnunarhús kynnir ný húsgögn fyrir heimilið eftir Guðmund Einarsson.

**Ragnheiður I. Margeirsdóttir**
**RIM**
**Gersemar**
Skartgripalína innblásin af þjóðminjum. Væntanleg á þessu ári í verslanir Leonard. Bleika slaufan 2010 hönnuð af RIM fyrir Krabbameinsfélagið verður einnig til sýnis.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
**Svarti sauðurinn**
Svarti sauðurinn breytir um lit
Svarti sauðurinn er vegghengt fatahengi úr stáli, framleitt á Íslandi. Á sýningunni bætir sauðurinn við sig búk.
www.ratdesign.is

**Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir**
**Notknot**
Púðinn Notknot hefur hnútinn að fyrirmynd. Með því að breyta stærð og áferð hnútsins öðlast hann nýjan tilgang og gildi. Hinn harði og fasti hnútur verður mjúkur og notalegur.

**Róbert Gíslason og Helgi Reyr Gíslason**
**Gálgi**
Borðlampi sprottinn upp úr samfélagi sem heimtar refsingu eftir hrun. Fyrirmyndin er hengingargálgar sem notast var við fyrr á tímum. Hönnunin blandar klassískum stíl saman við nútímaleg form.





**Tinna Gunnarsdóttir**
**Syllur**
Smáhillur á vegg sem sprottnar eru upp úr verkefni nemenda við Myndlistaskólann í Reykjavík. Nánar á www.dyndilyndi.is.

**Össur hf**
**Hönnun og þróun stoð- og stuðningstækja**
Kynntar verða nýjar vörur á sviði stoð- og stuðningstækja frá Össuri hf. Vörur Össurar hf. hafa vakið athygli víða um heim fyrir framúrskarandi hönnun og hlotið alþjóðleg hönnunarverðlaun.

**Róshildur Jónsdóttir og Snæbjörn Þór Stefánsson**
**Hugdetta**
Róshildur Jónsdóttir og Snæbjörn Stefánsson hafa unnið að nýjum hlutum á þessu ári. Hér sýna þau meðal annars ljós og húsgögn.

**Stefán Pétur Sólveigarson**
**Ræðubindi**
Stefán Pétur Sólveigarson sýnir Ræðubindi, lausn fyrir fólk sem halda þarf ræðu. Ræðubindið verður einnig til sýnis á hönnunarstofu hans, Boxinu Laugavegi 168.

**Sverrir Ásgeirsson**
**Hleðsluskápur**
Lítill vegghengdur skápur sem inniheldur fjöltengi og nýtist til hleðslu síma og annarra smátækja. Hleðslutæki og meðfylgjandi snúruflækja eru í felum inni í skápnum.

**Syrusson Hönnunarhús**
**Reynir Sýrusson**
**Hangover**
Reynir Sýrusson húsgagnahönnuður frumsýnir tvo nýja stóla og Hangover vínrekkann sem hangir á vegg. Einnig teflir hann fram nokkrum sérvöldum hlutum sérstaklega útfærðum fyrir sýninguna.




## Textílhönnun

# Arctic Designs Textíll

11

**Antíkhúsið**
**Skólavörðustígur 21**
**24.–27.03 11:00–18:00**



Arctic Designs kynnir nýja íslenska línu í innanhústextíl. Arctic vann fyrstu verðlaun fyrir bestu vöru á innanhússýningunni Interio í Belgiu í byrjun febrúar nú í ár. Nýjasta línan Arctic Ice Blue verður frumsýnd á London Design Week um miðjan mars og kemur síðan fersk á HönnunarMars á Íslandi. Meðal nýjunga eru nýtt ullar- og silkiefni handframleitt á Íslandi, og áklæðisefni unnin út frá hefðbundum prjónamynstrum. Arctic leggur áherslu á vistvæn efni og framleiðslu. Nánar á www.arctic-designs.com.

# Ljós í myrkri

33

**Toppstöðin**
**Rafstöðvarvegur 4**
**Elliðaárdalur**
**25.03 12:00–18:00**
**26.03 12:00–17:00**

Toppstöðin, orkuver hugvits og verkþekkingar, er til húsa í gömlu rafstöðvarbyggingunni í Elliðaárdal. Þar hafa aðstöðu frumkvöðlar, hönnuðir og iðnaðarmenn og deila reynslu sinni og þekkingu við þróun nýsköpunarverkefna af fjölbreyttum toga. Má þar nefna leikföng, lampa, fatnað, værðarvoðir, farartækjahönnun, þróun og smíði rafmagnsbíla, ördagskrárgerð og vefsíðuþróun. Á HönnunarMarsi mun „Toppfólkið“ standa fyrir innsetningum í húsinu og býðst almenningi að kynna sér hönnun þess og hugmyndir. Kaffi og með því verður á boðstólum báða dagana.

**Opnunarhóf Toppstöðvarinnar fer fram föstudaginn 25. mars frá klukkan 16. Léttar veitingar verða í boði.**



**Dæmi um viðburði**

**Anna María Sigurjóns**
Heimsþekkt húsgagnahönnun við óvenjulegar aðstæður. Ljósmyndasýning.

**Ari Arnórs**
Hvernig vilt ÞÚ hafa Strætó? Nokkrar hugmyndir munu hanga uppi á vegg til að koma gestum af stað, sem svo geta komið sínum hugmyndum á framfæri og hengt á „Framtíðarstrætóvegginn“.

**Lúka Art & Design**
Fatnaður, prjónaefni, skart og tískuljósmyndir.

**Ljós í myrkri**
Sigga Heimis sýnir heimsþekkta hönnun sína þar sem hún blandar saman ljósmyndun og lampahönnun og gerir tilraunir með íslenskt hráefni. Vala Matt sýnir hvernig hægt er að nota hversdagslega hluti á skemmtilegan hátt við lampahönnun.

**Puzzled by Iceland**
Púslað með náttúru Íslands. Gestir fá að spreyta sig.

**Vala Magg**
Ólátagarður, vöruþróun fyrir barna- og leikherbergi.



# Landnám Attakatta

30

**Grettisgata 4**
**24.–27.03 11:00–18:00**



Bára Kristgeirsdóttir, Hanna Jónsdóttir, Lilja Kjerúlf, Ninna Margrét Þórarinsdóttir og Rúna Thors ríða á vaðið undir nafninu Attikatti. Þær hafa numið land að Grettisgötu 4 og berjast þar um / við gesti og gangandi. Sett verða á svið(akjamma) hæna, skiptinemi, sverð og fleira svona landnáms-, eins og til dæmis skjöldur og maður höggvinn í herðar niður. Stúlkurnar munu stíga í vænginn við landnámshænur sem vafalaust á eftir að enda með heljarinnar átökum og fjaðrafoki.
Nánar á www.attikatti.com

**Opnunarhóf verður haldið 23. mars frá klukkan 18.**

# Epal

**Al 13–Hönnun og ál**
**Íslensk hönnun í Epal**
**Mynsturmergð**

32

**Epal**
**Skeifan 6**
**24.–25.03 10:00–18:00**
**26.03 11:00–16:00**
**27.03 12:00–16:00**



Fatahönnun

## Mynsturmergð

32

**Epal**
**Skeifan 6**

Hönnuðir Textílfélagsins sýna efni, gluggatjöld, púða, teppi, mottur, lampa og hljóðdempun. Hér tengist hönnun og iðnaður á Íslandi í prjóni, þæfingu, þrykki, vefnaði og útskurði sem birtist í mynsturmergð í ólíku hráefni. Textílhönnuðir verða á staðnum meðan á sýningunni stendur.

**Þátttakendur eru**
Aðalbjörg Erlendsdóttir
Anna Guðmundsdóttir
Anna Gunnarsdóttir
Bjargey Ingólfsdóttir
Bryndís Bolladóttir
Brynja Emilsdóttir
Guðlaug Halldórsdóttir
Helena Sólbrá Kristinsdóttir
Helga Pálína Brynjólfsdóttir
Hrönn Vilhelmsdóttir
Rósa Helgadóttir
Sara María Skúladóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Sigríður Elfa Sigurðardóttir
Stefanía Stefánsdóttir
Styrgerður Haraldsdóttir
Þórey Eyþórsdóttir

Vöruhönnun

## Al 13 Hönnun og ál

32

**Epal**
**Skeifan 6**

Fjöldi hönnuða sýnir verk sín, unnin úr áli, í húsakynnum verslunarinnar Epal á HönnunarMars. Verkefnið er unnið í samvinnu við Samál og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

**Þátttakendur eru**
Berglind Snorradóttir
Jón Snorri
Pétur Tryggvi
Laufey Arnarsdóttir
Þóra Björnsdóttir
Dögg Guðmundsdóttir
Þórdís Helgadóttir
Ólafur Þór Erlendsson
Sylvía Kristjánsdóttir
Jón Ari Helgason
Sverrir Sverrisson
Manfreð Vilhjálmsson

Vöruhönnun

## Íslensk hönnun í Epal

32

**Epal**
**Skeifan 6**

Fjöldi hönnuða sýnir nýja íslenska hönnun sína í húsakynnum verslunarinnar Epal á HönnunarMars.

**Þátttakendur eru**
Hrafnkell Birgison
Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir &
Halla Björk Kristjánsdóttir
Stáss
Tulipop
Halldóra Hafsteinsdóttir
Ólöf Jakobína Ernudóttir &
Guðbjörg Káradóttir
Kúltur & Kaos
Chuck Mack
Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir
Steinunn Vala
Kristrún Hjartardóttir

# Prologus hönnunarhús

36

**Súðarvogur 20**
**gengið inn frá Kænuvogi**
**24.–26.03 10:00–15:00**

Prologus er leiðandi íslenskt hönnunarhús sem stofnað var árið 1997 af Guðmundi Einarssyni. Prologus hefur lagt áherslu á að byggja upp öflugt og skapandi hönnunarhús sem leiðir saman hæfileikaríkt fagfólk á ýmsum sviðum og fjölmörg íslensk iðnfyrirtæki með áratugareynslu af framleiðslu og smíði. Fágun og fagmennska hafa verið einkunnarorð fyrirtækisins frá upphafi. Áhersla er lögð á að áhugaverð hönnun sé afrakstur rökréttrar hugsunar þar sem margvíslegar forsendur um notagildi, tæknilausnir og listrænar kröfur sameinist í formála að skynjun og upplifun. Undanfarinn áratug hefur Prologus sérhæft sig í hönnun, framleiðslu og sölu á húsgögnum og innanstokksmunum fyrir fyrirtæki og heimili. Prologus kynnir nú nýjungar í íslenskri húsgagnahönnun: heimilis- og fundarstóla og sófaborð. Prologus býður alla velkomna í sýningarsal sinn að Súðarvogi 20.





# CUT_FISH

28

**Fiskbúðin**
**Freyjugata 1**
**25.03 17:00–19:00**

CUT_FISH er afrakstur samstarfs hönnuðanna Fanneyjar Long og Hrafnkels Birgissonar við fyrirtækið Fást ehf. Hugmyndin rekur uppruna sinn til verkefnis við Listaháskóla Íslands þar sem hönnuðir og framleiðslufyrirtæki í nágrenni við skólann voru leidd saman. Markmiðið var að til yrðu hugmyndir að upprunatengdum og framleiðsluvænum nytjahlutum. CUT_FISH eru skurðarbretti, framleidd úr PE-HD sem er auðþrífanlegt, matvælavænt og endurvinnanlegt plastefni sem er mikið notað í fiskvinnslu meðal annars á Íslandi. Hönnun brettanna byggir á þeirri tækni sem Fást ehf. hefur yfir að ráða og vísar til algengra fiskitegunda sem lifa í íslensku fersk- og saltvatni.



# Fall

45

**Módern**
**Hlíðasmári 1**
**24.–27.03**

50

**Esja**
**Austurstræti 16**
**24.–27.03**

Siggi Anton sýnir nýjan spegil sem ber heitið Fall. Fossar eru Íslendingum að góðu kunnir, en fyrirmyndina að speglinum Fall er að finna í íslenskum fossum.



# Hugmyndir um LACK

38

**IKEA**
**Kauptún 4**
**26.03 17:00–19:00**

Sextíuogfimm hönnuðir sýna hugmyndir sínar og útfærslur á borðinu LACK. Um er að ræða samstarfsverkefni fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar, IKEA og Hönnunarsafns Íslands.



# HAF @ vörur í vinnslu

24

**GK**
**Laugavegur 66**
**24.–25.03 10:00–18:00**
**26.03 11:00–17:00**

Hönnuðurinn Hafsteinn Júlíusson sýnir vörur í vinnslu í versluninni GK, Laugavegi 66.

# Á gráu svæði

46

**Hönnunarsafn Íslands**
**Garðatorg 1**
**23.03.–29.05**

Hrafnhildur Arnardóttir, Shoplifter, hefur skapað sér mikla sérstöðu innan listheimsins með notkun á hári í verkum sínum. Nú nýverið hlaut Hrafnhildur mikilvæga viðurkenningu þegar hún var var valin fulltrúi hinna virtu Norrænu textílverðlauna sem verða afhent síðar á þessu ári. Hárið í verkum Hrafnhildar gegnir ekki aðeins hlutverki uppistöðu heldur er táknheimur og merkingarbærni þess ríkur hluti af myndsköpun Hrafnhildar. Almennt séð er hárið hluti af sjálfsmynd mannsins, glæsileika hans og hégóma en það getur einnig vakið ónotakennd og er nánast órjúfanlegur hluti þess að skapa ógeðfelldar persónur og mystík og ná fram myndheimi myrkra afla.

Hárið, þessi fínlegi þráður, hefur sótt í sig veðrið í verkum Hrafnhildar og í dag á hún að baki mörg samstarfsverkefni með hönnuðum og listamönnum þar sem verk hennar undirstrika þá þrjá meginþætti sem bera tískuna uppi, fágunina og hið ögrandi og öfgakennda. Það síðastnefnda má oft rekja til djúpra persónulegra túlkana listamanna og hönnuða þar sem fullkominni stjórn á efni, lit og formi er náð. Verk Hrafnhildar hafa víða komið við sögu í tískuheiminum, þá gjarnan í samstarfi við Eddu Guðmundsdóttur stílista í New York og samstarf Hrafnhildar og Bjarkar fyrir umslag plötunnar Medulla er dæmigert fyrir þá sköruń sem myndlist og hönnun Hrafnhildar virðist reglulega rata í.



Fatnaður, grímur og skúlptúrar eftir Hrafnhildi og samstarfsaðila hennar eru vissulega skapaðir úr óhefðbundnum efnivið á tímum endurnýtingar og umhverfissjónarmiða. En þessi sköpun er ekki síst til þess fallin að varpa ljósi á ýmis óræð mörk í menningarsamfélögum. Þess sem er viðtekið á einum stað en hafnað annars staðar og hugmyndarinnar um fegurð og þess afkáralega og veginum þarna á milli, sem oftar en ekki er varðaður léttleika og húmor.



# Spretta

42

**Ungbarnakaffihúsið**
**Iðunnareplið**
**Templarasund 3**
**24.–25.03 15:00–18:00**
**26.03 11:00–17:00**
**27.03 13:00–17:00**

Spretta er hópur ungra hönnuða og handverkskvenna sem leiða nú í fyrsta sinn saman hesta sína á HönnunarMars. Vörur hópsins brúa aldursbilið og hjá honum má finna skart, fylgihluti og fatnað sem henta allt frá ungabörnum til fullorðinna.



**Spretta skipa**

Elsa Design–Handgert skart í öllum regnbogans litum

Froskar–Falleg og fjörug pils fyrir fínar stelpur

Dúllerí–Snuddubönd fyrir snillinga!

Eplakinnar–Spangir og hárbönd fyrir stórar sem smáar



# Gallery Jens

34

**Síðumúli 35**
**23.–25.03 09:00–18:00**
**26.03 11:00–17:00**
**27.03 13:00–17:00**

Berglind Snorra og Jón Snorri Sigurðsson verða með nýja vöruhönnun til sýnis og sölu, meðal annars ljós, skilrúmsveggi, borð og ýmsa smávöru. Gallery Jens er ekki einungis verslun, heldur einnig verkstæði og gefst gestum einstakt tækifæri á að sjá listamennina að verki við listsköpun sína.

**Gallery Jens býður alla velkomna í opnunarhóf sem haldið verður 24. mars og hefst klukkan 20.**

Vöruhönnun

# Bú kartöflu-flögur

19

**Norræna húsið**
**Sturlugata 5**
**25.03 17:58–20:00**

Björg í bú frumsýnir nýja náttúru-afurð, fitulausar kartöfluflögur kryddaðar með íslenskum sjó. Allt frá árinu 1758 hefur kartaflan vaxið við Íslandsstrendur og alltaf átt í nánu ástarsambandi við hafið og afurðir sjávar.

Vöruhönnun

# Illuminati Nordica

25

**Minja**
**Skólavörðustígur 12**
**24.–27.03 13:00–18:00**



Ljósvíkingurinn Illuminati Nordica er lampi (35 sm á hæð og 21 sm á breidd) sem áætlað er að framleiða í fimm mismunandi litum sem standa fyrir mismunandi birtustig náttúrunnar. Lýsingarhönnun lampans vísar í þá staðreynd að skin sólar á norðurhveli jarðar er mýkra og jafnara en til dæmis við miðbaug og helgast það af ólíkri afstöðu sólar í þessum heimshlutum. Búið er að framleiða mót og útbúa frumgerð í tveimur litum: Dagsbirta og Sólsetur.

Vöruhönnun

# Varius

24

**Emami**
**Laugavegur 66**
**24.–27.03**

48

**Leonard**
**Kringlan**
**24.–27.03**



Sýning á skarti og fylgihlutum, innblásnum af Krumma og náttúrunni.

Vöruhönnun

# Gersemar

48

**Leonard**
**Kringlan**
**???**

Skartgripalínan Gersemar er innblásin af þjóðminjum og hönnuð af RIM. Línan er væntanleg á árinu í verslanir Leonard og verða teikningar sýndar á HönnunarMars. Bleika slaufan 2010, hönnuð af RIM fyrir Krabbameinsfélagið, verður einnig til sýnis.

Vöruhönnun

# Pétur B. Lúthersson

35

**GÁ húsgögn**
**Ármúli 19**
**24.–26.03 10:00–18:00**
**27.03 12:00–14:00**

Í tengslum við HönnunarMars 2011 verður kynning á nýrri hönnun Péturs B. Lútherssonar húsgagnaarkitekts í verslun GÁ húsgagna að Ármúla 19 í Reykjavík.

Húsgögnin eru árangur sam-starfs Péturs og GÁ húsgagna sem staðið hefur í tæpt ár og er um að ræða sófa og stóla fyrir heimili og stofnanir. Ennfremur verður til sýnis ný hönnun Péturs á húsgögnum fyrir Trésmiðju GKS ehf og Stáliðjuna ehf.

Á sýningunni verður nýr hægindastóll, MÁNI, en hann fæst með og án hnakkapúða og arma. Stóllinn er á stálgrind með mjúkri bólstrun. Hann er fáan-legur í leðri eða með tauáklæði. Sófasettið MARÍNA er ætlað heimilum jafnt sem stofnunum; nett sófasett sem býður upp á marga nýtingarmöguleika.

## Opnunartímar á HönnunarMars

**(nema annað sé tekið fram)**

**24.03 11:00–18:00**
**25.03 11:00–18:00**
**26.03 11:00–17:00**
**27.03 13:00–17:00**

**honnunarmidstod.is**

Taktu kortið
með þér

Rífðu hér →


Gamla höfnin
Tjörnin
Fiskislóð
Grandagarður
Grandabryggja
Síldarbryggja
Rastargata
Mýrargata
Ánanaust
Seljavegur
Framnesvegur
Holtsgata
Nýlendugata
Vesturgata
Bræðraborgarstígur
Stýrimannastígur
Ægisgata
Ránargata
Bárugata
Öldugata
Garðastræti
Túngata
Hávallagata
Sólvallagata
Ásvallagata
Hofsvallagata
Blómvallagata
Hringbraut
Víðimelur
Reynimelur
Grenimelur
Furumelur
Espimelur
Birkimelur
Ljósvallagata
Suðurgata
Tjarnargata
Bjarkargata
Neshagi
Fornhagi
Guðbrandsgata
Brynjólfsgata
Dunhagi
Hjarðarhagi
Fálkagata
Sturlugata
Sæmundargata
Njarðargata
Grófin
Geirsgata
Tryggvagata
Hafnarstræti
Aðalstræti
Austurstræti
Pósthússt.
Vonarstræti
Skólabrú
Lækjargata
Bankastræti
Skólastr.
Þingholtsstræti
Ingólfsstræti
Kalkofnsvegur
Faxagata
Sölvhólsgata
Lindargata
Hverfisgata
Klapparstígur
Fríkirkjuvegur
Laufásvegur
Miðstræti
Grundarst.
Bjargarstígur
Bergstaðastræti
Óðinsgata
Týsgata
Skólavörðustígur
Lokastígur
Þórsgata
Baldursgata
Skothúsvegur
Sóleyjargata
Fjólugata
Bragagata
Urðarstígur
Nönnugata
Njarðargata
Fjölnisvegur
Sjafnargata
Freyjugata
Smáragata
Gamla Hringbraut
Vatnsmýrarvegur
29
14
20
23
9
31
7
49
21
41
50
27
43
6
8
26
15
13
22
2
39
5
18
42
3
25
40
30
11
12
28
10
19

1 Þí/ýða KronKron Laugavegur 63b
2 101 Tækifæri Mokka Skólavörðustígur 3a
3 Smash & Grab Spark Design Space Klapparstígur 33
4 Hönnuðir í Kiosk Kiosk Laugavegur 65
5 Örtískumynd Skaparans Hljómalindarreitur Klapparstígur
6 Hræringur/STEiNUNN Experimental/ Teboð 101 Hótel Hverfisgata 10
7 Dúkkaðu mig upp Hótel Reykjavík Aðalstræti 16
8 GuSt & kurlproject GuSt Bankastræti 11
9 KRADS Playtime/Hljómur úr hönnun Hafnarhúsið Tryggvagata 17
10 Kvon Þjóðminjasafnið Suðurgata 41
11 Arctic Designs textíll Antíkhúsið Skólavörðustígur 21
12 Hönnuður marsmánaðar 2011 Listasafn Íslands Fríkirkjuvegur 7
13 Black Magik/Bollar í blóma/Drífa Aurum Bankastræti 4
13 Gling Gló Bankastræti 6
14 FÍT 2011/Grafían/Mæna 2011/ Sýniletur Saltfélagshúsið Grandagarður 2
15 Kaffibollar og mál/ORÐ! IÐA Lækjargata 2a
16 Lausaleturspartý Reykjavík Letterpress Lindargata 50 (bakhús)
17 Þjóðfáni Íslands Crymogea Barónsstígur 27
18 Mundi Rabbit Hole/Mæjónes-safarí / Skjaldarmerki Pólýfóníu Tjarnarbíó Tjarnargata 12
19 Bú kartöfluflögur/Kjammi og kók Norræna húsið Sturlugata 5
20 Fiskur og fínheit Gullsmiðja Sædísar Geirsgata 5b
21 Gibbagibb Á skörinni Aðalstræti 10
21 Inn og út um glerið/Rain Dear Kraum Aðalstræti 10
21 Vættir Fógetastofa Aðalstræti 10
22 Spáð'í bolla Kaolin Ingólfsstræti 8
23 Kirsuber Kirsuberjatréð Vesturgata 4
24 HAF @ vörur í vinnslu GK Laugavegur 66
24 Varius Emami Laugavegur 66
25 Illuminati Nordica Minja Skólavörðustígur 12
25 Opnar vinnustofur Klapparstígur 16
27 Skyrkonfekt frá Erpsstöðum Turninn Lækjartorg
28 CUT_FISH Fiskbúðin Freyjugata 1
29 10+/Borgaraleg hegðun/Ferlið– sýning arkitekta/Fyrirlestrar/ Íslenskir framleiðendur/Kaffibíllinn/ Snortið landslag Félagið Grandagarður 16
30 Landnám Attakka Grettisgata 4
31 Apparat Sódóma Tryggvagata 22
37 Vöruhús Félag vöru- og iðnhönnuða Laugavegur 91
39 Treflaverksmiðja Laugavegur 6
40 Teikning, textíll og kermík 12 tónar (kjallari) Skólavörðustígur 15
41 Sýning fatahönnunarnema LHÍ NASA Austurvöllur
42 Spretta Iðunnareplið Templarasund 3
43 SSS Stella Bankastræti 6
44 Ræðubindi Boxið Laugavegur 168
49 Laundromat Café Austurstræti 9
50 Fall Esja Austurstræti 16



32 Al 13 – Hönnun og ál/Íslensk hönnun í Epal/Mynsturmergð Epal Skeifan 6
33 Ljós í myrkri Toppstöðin Rafstöðvarvegur 4
34 Gallerí Jens Síðumúli 35
35 Pétur B Lúthersson GÁ húsgögn Armúli 19
36 Prologus hönnunarhús Súðarvogur 20
38 Hugmyndir um LACK IKEA Kauptún 4
45 Fall Modern Hlíðasmári 1
46 Á gráu svæði Hönnunarsafn Íslands Garðatorg 1
47 GIVING Vopnabúrið Hólmaslóð 4
48 Gersemar/RIM Leonard Kringlan



Flettu út síðunum og sjáðu alla viðburðina á korti



# HönnunarMars 2011

Útgefandi Hönnunarmiðstöð Íslands
Ábyrgðarmaður Halla Helgadóttir
Ritstjóri Greipur Gíslason
Umsjón með texta Ásta Andrésdóttir
Hönnun Vinnustofa Atla Hilmarssonar
Myndskreytingar Siggi Eggertsson
Pappír Amber Graphic & Munken Polar Rough

Hönnunarmiðstöð Íslands heldur HönnunarMars
Dorrit Moussaieff forsetafrú er verndari Hönnunarmiðstöðvar
Framkvæmdastjóri Halla Helgadóttir
Verkefnastjóri Kristín Gunnarsdóttir

HönnunarMars 2011
Verkefnastjóri Greipur Gíslason
Fjölmiðlafulltrúi Margrét Rún Guðmundsdóttir
Umsjón með erlendum gestum Lilja Gunnarsdóttir
Umsjón með DesignMatch Edda Kristín Sigurjónsdóttir
Umsjón með fyrirlestradagskrá á HönnunarMars Hildur Hafstein
Vefumsjón Hallur Helgason og Sari Peltonen

Aðalsamstarfsaðilar
Icelandair og Morgunblaðið.

Í tengslum við HönnunarMars standa Norræna húsið og Hönnunarmiðstöð fyrir DesignMatch. Norræna húsinu og starfsfólki þess eru færðar bestu þakkir fyrir samstarfið.

Hönnunarsjóður Auroru safnar svipmyndum til heimildamyndagerðar á HönnunarMarsi og styður komu erlendra blaðamanna.

Stjórn HönnunarMars 2011
Dagný Bjarnadóttir landslagsarkitekt Sigríður Sigurjónsdóttir vöruhönnuður Halla Helgadóttir grafískur hönnuður, varamaður Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður.

Hönnunarmiðstöð Íslands er í eigu
Arkitektafélags Íslands, Félags húsgagna- og innanhússarkitekta, Félags íslenskra landslagsarkitekta, Félags vöru- og iðnhönnuða, Leirlistafélags Íslands, Fatahönnunarfélags Íslands, Textílfélagsins, Félags íslenskra gullsmiða og Félags íslenskra teiknara.

Aðrir samstarfsaðilar
Gunnar Eggertsson, Iðnaðarráðuneyti, Íslandsstofa, Listasafn Reykjavíkur, Litróf, Samtök iðnaðarins og Utanríkisráðuneyti.

HönnunarMars er haldinn með stuðningi frá Reykjavíkurborg

Sérstakar þakkir
Guðmundur Oddur Magnússon, Hilmar Steinn Grétarsson, Hlín Helga Guðlaugsdóttir, Inga Hlín Pálsdóttir, Katrín Ólína Pétursdóttir, Max Dager, SEEDS, Soffía Karlsdóttir og Valgarður Gíslason.

www.honnunarmidstod.is

Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre

Morgunblaðið

Reykjavíkurborg

ICELANDAIR

